



Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Skólaárið 2016-2017

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vor 2017

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Tölulegar upplýsingar.....	4
3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið.....	5
4. Fjölbrautaskóli Suðurnesja 40 ára.....	6
5. Gjafir og styrkir.....	7
6. Ytri úttekt	7
7. Fjölbreytt skólastarf	8
7.1 Nemendur í listnámi	8
7.2 Skimun fyrir brotthvarfi	8
7.3 Valfög fyrir grunnskólanemendur	8
7.4 Ný skólanefnd	8
7.5 GERT-verkefni grunnskóla	9
7.6 Smíðasmiðja.....	9
7.7 Sálfræðiþjónusta.....	9
7.8 Hollvinasamtök Fjölbrautaskóla Suðurnesja	9
7.9 Erasmus+ verkefni	10
7.10 Breytt stokkatafla	10
7.11 Ferðalög nemenda og kennara.....	10
8. Ýmsar upptakomur.....	12
8.1 Móttaka nýnema	12
8.2 Kynningarfundur.....	12
8.3 Opið hús - námskynning	12
8.4 Náms- og starfskynning	12
8.5 Háskólakynningar	13
8.6 Þemadagar.....	13
8.7 Starfshlaup.....	13
8.8 Dimissio.....	14
8.9 Gróðursetning.....	14
8.10 Ýmsar keppnir.....	14

8.11	Leikrit og aðrar upptakomur NFS.....	15
8.12	Stofnun ársins	16
9.	Skýrsla matsnefndar.....	17
10.	Skýrslur sviðsstjóra.....	20
10.1	Málasvið.....	20
10.2	Stærðfræði- og raungreinasvið.....	23
10.3	Samfélagssvið	26
10.4	Tæknisvið	31
10.5	Starfsbraut	38
11.	Skýrsla bókasafns	46
12.	Skýrsla námsráðgjafa	48
13.	Skýrsla hjúkrunarfræðings	54
14.	Skýrsla sálfræðinga	55
16.	Skýrsla forvarnafulltrúa.....	58
17.	Skýrsla félagslífsfulltrúa	60

1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2016-2017. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar upptökur í skólastarfinu. Samantektarskýrslur matsnefndar, sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.

2. Tölulegar upplýsingar

Haust 2016

Skólastarf hófst 12. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst síðan 17. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru tæplega 1000 en auk þess stunduðu hátt í 130 nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans á önninni voru 100, 67 kennarar, 9 stundakennarar og 24 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sér síðan um ræstingu.

Skólinn tók yfir rekstur mötuneytisins og fékk skólinn Baldur Hans Úlfarsson matreiðslumeistara til starfa. Auk hans starfa fimm aðrir starfsmenn í mötuneytinu. Nú er allur matur unninn og eldaður á staðnum.

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf við upphaf haustannar en það voru þau Berglind Ósk Sigurðardóttir, Fanney Sumarliðadóttir, Gísli Freyr Ragnarsson, Hafsteinn Hjartarson, Hermann Jens Ingjaldsson, Jóhanna Helgadóttir, Lovísa H. Larsen og Sigríður Albertsdóttir. Daníel Galvez, Hildur Skúladóttir, Hulda Egilsdóttir og Þórunn Svava Róbertsdóttir voru í leyfi á önninni, Karen Arason var í veikindaleyfi, Ester Þórhallsdóttir og Ingibjörg Böðvarsdóttir í barneignarleyfi auk Telmu Rutar Eiríksdóttur sem fór í barneignarleyfi í lok annar. Einar Trausti Óskarsson og Jóhanna Björnsdóttir komu aftur til starfa eftir leyfi. Guðni Kjartansson, Ellert Smári Kristbergsson og Ingigerður Sæmundsdóttir, Aron Elís Árnason og Marín Laufey Davíðsdóttir hættu eftir að hafa farið til annarra starfa á síðustu önn.

Vor 2017

Skólastarf hófst 5. janúar með stundatöfluafhendingu og fyrsta kennsludegi 6. janúar. Rúmlega 900 nemendur voru í dagskóla en auk þess stunduðu um 100 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum og 6 voru í fjarnámi. Fastir starfsmenn skólans voru 99 á önninni, 72 kennarar, 2 stundakennarar og 15 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sér um ræstingu.

Telma Rut Eiríksdóttir var í barneignarleyfi en Linda Björk Lýðsdóttir leysti hana af. Ester Þórhallsdóttir kom aftur til starfa eftir að hafa verið í barneignarleyfi. Friðjón Einarsson, Hafsteinn Hjartarson og Helgi Rafn Guðmundsson kenndu ekki á önninni en þeir hafa verið stundakennarar undanfarnar annir.

Stór hópur kennara sem margir hverjir hafa kennt við skólann til fjölda ára og þar af einn frá stofnun skólans hættu í lok annar. Þetta voru þau Einar Valgeir Arason, Hildur Skúladóttir, Hörður Ragnarsson, Karen Arason, Lárus Þór Pálmason, Sara Harðardóttir, Þorbjörg Garðarsdóttir, Þórunn Friðriksdóttir og Ægir Sigurðsson.

Þann 12. janúar lést Alma Þöll Ólafsdóttir í bílslysi á leið í skólann. Fréttin barst fljótt og með henni sorgin sem lagðist á marga: nemendur, starfsfólk og aðstandendur. Kallað var á sal sama dag og unga fólkinu okkar boðin hjálp, seinna var haldin minningarathöfn og skólanum lokað vegna útfararinnar.

3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Ólafía Sigurjónsdóttir hélt erindi fyrir kennara á haustönn um kvíða og hvernig hann getur haft áhrif á líðan og frammistöðu nemenda.

Í febrúar var haldinn fundur þar sem Hugrún, Geðhjálp og Hjálparsími Rauða krossins 1717 voru með erindi um geðraskanir og geðhjálp fyrir ungt fólk. Öllum kennurum grunnskóla á Suðurnesjum var boðið á fundinn sem og starfsfólki félagsþjónustunnar. Ragnheiður G. Guðnadóttir frá Streituskóla Forvarna hélt erindi um streitu og kvíða en rannsóknir hafa sýnt að slíkur vandi er algengur hjá nemendum framhaldsskóla.

Þá kom fulltrúi frá Rannsóknnum og greiningu og sagði frá niðurstöðum könnunar á líðan framhaldsskólanemenda.

Samtök félagsmiðstöðva á Suðurnesjum héldu fræðslufund um rafrettur í skólanum. Tveir lækna ræddu kosti og galla þessa fyrirbæris og síðan voru umræður en Anna Karlsdóttir Taylor forvarnafulltrúi stjórnaði fundinum.

4. Fjölbrautaskóli Suðurnesja 40 ára

Fjölbrautaskóli Suðurnesja varð 40 ára á önninni og var þess minnst með margvíslegum hætti á haustönn. Skólinn var settur í fyrsta sinn þann 11. september árið 1976 og var haldið sérstaklega upp á þau tímamót. Afmældisdaginn bar reyndar upp á sunnudag og var því boðið til afmælistakaffis mánudaginn 12. Nemendum og starfsfólki var þá boðið upp á kökur með morgunkaffinu.

Hápunktur hátíðahaldanna var opið hús laugardaginn 24. september. Markmiðið með opna deginum var fyrst og fremst að bjóða gestum í heimsókn. Gestir skoðuðu skólann og þá aðstöðu sem skólinn hefur upp á að bjóða. Frammi lágu myndaalbúm, árbækur og fleira úr sögu skólans og nýttu gestir sér það og þótti greinilega gaman að rifja upp gamla tíma.

Það var fyrst og fremst létt yfir afmælishátíðinni sem hófst með því að Stórsveit Suðurnesja lék nokkur lög á sal. Sveitina skipa fyrrum meðlimir léttisveitar Tónlistarskóla Reykjanesbæjar en stjórnandi þessarar frábæru sveitar er Karen Sturlaugsson. Flestir meðlimir Stórsveitarinnar eru fyrrum nemendur skólans. Síðan hófst formleg dagskrá á sal en kynnrir var Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Kristján Ásmundsson skólameistari flutti stutta tölu og sagði frá stofnun skólans árið 1976 og hvernig hann hefur þróast á síðustu 40 árum. Kristján afhenti síðan Ægi Sigurðssyni raungreinakennara gjöf frá skólanum en Ægir hefur starfað við skólann frá upphafi og gegnt þar ýmsum ábyrgðarstörfum. Magnús Stefánsson bæjarstjóri í Garði afhenti síðan málverkið *Breath* eftir japanskan listamann en það varð til á listahátíð sveitarfélagsins. Garður hefur fært Listasafni Reykjanesbæjar verkið að gjöf en það verður geymt og sýnt í skólanum. Söngsveitin Drengjabandið skemmti gestum milli atriða en hana skipa nokkrir kennarar og starfsmenn skólans en þeir hafa verið duglegir við að syngja á skemmtunum á vegum skólans undanfarin ár.

Að lokinni þessari dagskrá var gestum boðið upp á veitingar en á meðan var flutt tónlist. Það voru núverandi og fyrrum nemendur sem sáu um tónlistarflutninginn. Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson sungu við undirleik Helga Más Hannessonar. Systkinin Smári Guðmundsson og Fríða Dís Guðmundsdóttir fluttu síðan nokkur af sínum lögum en þau hafa getið sér gott orð með hljómsveitinni Klassart. Valdimar Guðmundsson söng síðan nokkur lög en með honum lék Ásgeir Aðalsteinsson á gítar. Davíð, Helgi Már, Smári, Fríða Dís, Ásgeir og Valdimar eru öll fyrrverandi nemendur skólans og það var því vel við hæfi að nýnemi í skólanum lyki dagskránni en það gerði Dagný Halla Ágústsdóttir með glæsibrag.

5. Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum skólans. Á haustönn fengu allir nemendur í rafiðndeild skólans spjaldtölvur að gjöf frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands. Þessi gjöf er liður í átaki þessara samtaka en þar fá allir nemendur í rafiðngreinum á landinu spjaldtölvur að gjöf. Forsaga málsins er að í nokkur ár hefur verið starfrækt vefsíðan rafbók.is en þar er að finna margvíslegt námsefni fyrir rafiðnaðarnema. Þessi síða hefur verið endurgjaldslaus fyrir nemendur og þar með sparað þeim kostnað við bókakaup. Það er von gefenda að spjaldtölvurnar ýti enn frekar undir notkun á síðunni og nemendur hafi þannig enn betri aðgang og gagn af henni. Það voru Jens Pétur Jóhannsson, formaður Samtaka rafverktaka, og Kristján Þórður Snæbjörnsson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands, sem afhentu nemendum tölvurnar. Auk þeirra voru Ásbjörn R. Jóhannesson og Hjörleifur Stefánsson frá SART og Björn Ágúst Sigurjónsson og Jón Óskar Gunnlaugsson frá RSÍ viðstaddir.

Reykjafell í samvinnu við Félag rafverktaka á Suðurnesjum gáfu rafiðndeild skólans rausnarlega gjöf á haustönn sem innihélt bæði innlagnaefni og mótorstýringar en hún á eftir að nýtast vel bæði í grunndeild og framhaldsdeild.

6. Ytri úttekt

Á haustönn var unnið að úttekt á starfi skólans á vegum menntamálaráðuneytisins en hver framhaldsskóli er metinn með slíkum hætti á nokkurra ára fresti. Eftir áramót birtist svo úttektarskýrsla þar sem farið er yfir stöðu mála og tillögur gerðar um úrbætur. Niðurstöður úttektarinnar voru mjög jákvæðar þó alltaf sé eitthvað sem betur má fara. Á vorönn var unnið að úrbótaáætlun sem skilað var til ráðuneytis og hafist handa við að bæta það sem þar er tekið fyrir. Kennarar og stjórnendur fóru m.a. í markvissa vinnu við að skoða hvernig grunnþættir menntunar, sem koma fram í Aðalnámskrá framhaldsskóla, tengjast kennslu og skólastarfi fjölbrautaskólans. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu skólans eins og aðrar slíkar úttektir og ársskýrsla skólans.

7. Fjölbreytt skólastarf

7.1 Nemendur í listnámi

Sýning útskriftarnemenda á listnámsbraut var opnuð í Duus-húsum þann 5. maí en sýningin var hluti af Listahátíð barna en þar sýndu nemendur á öllum skólastigum í Reykjanesbæ, þ.e. leikskólar, grunnskólar og framhaldsskóli. Verkin á sýningunni voru mjög fjölbreytt og sýndu hvað nemendur hafa verið að skapa í námi sínu. Sýningin í Duus stóð yfir til 21. maí. Nemendur á listnámsbraut voru svo auðvitað duglegir að sækja sýningar og fengu einnig starfandi listamenn í heimsókn.

Myndlistardeildin fékk góða gjöf á önninni þegar Sigurjón Vikarsson prentari færði deildinni forláta ljósaborð sem nýtist nemendum vel við að draga upp myndir eftir frummynd.

Undanfarin ár hafa verk nemenda í myndlistaáföngum verið sýnd á sal. Reglulega er skipt um verk og lífgar það verulega upp á sal skólans.

7.2 Skimun fyrir brotthvarfi

Í október var könnun til að skima fyrir brotthvarfi lögð fyrir nemendur á fyrsta ári. Þetta var í fimmta sinn sem þessi könnun, sem var á vegum menntamálaráðneytisins, var lögð fyrir. Námsráðgjafar kölluðu síðan til þá nemendur sem voru samkvæmt könnun í mestri brotthvarfshættu og ræddu málin við þá.

7.3 Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í góðu samstarfi við grunnskólana á svæðinu og hafa nemendur bæði fengið að taka valfög í skólanum einu sinni í viku auk þess að koma í einstaka greinar í dagskóla. Á skólaárinu 2016-2017 var ákveðið að skipta valfögunum á bæði þriðjudaga og miðvikudaga til að nemendur hefðu tækifæri til að velja tvö valfög en ekki bara eitt. Á þessu skólaári voru valgreinarnar enska, spænska, stærðfræði, rafmagn, tréssmíði og textíl og hár.

7.4 Ný skólanefnd

Í mars var skipað að nýju í skólanefnd skólans og er formaður hennar Böðvar Jónsson. Allir nefndarmenn eru fyrrum nemendur skólans.

7.5 GERT-verkefni grunnskóla

Á vorönn kom nokkur hópur nemenda úr Holtaskóla í heimsókn og kynnti sér verk- og listnám. Heimsóknirnar voru liður í svokölluðu GERT-verkefni en þar er markmiðið að auka áhuga nemenda á vísindum og tækni. Það var Sigríður Bílddal, námsráðgjafi í Holtaskóla, sem hafði umsjón með þessu verkefni.

7.6 Smíðasmiðja

Nemendur í smíðasmiðju hafa undanfarnar annir smíðað gröfur, hlaupahjól, dúkkurúm, leikfangalestir og formapúsl og hafa fært leikskólum á Suðurnesjum leikföngin að gjöf. Á haustönninni fékk leikskólinn Tjarnarsel leikföng að gjöf. Ekki hefur verið annað að sjá en leikskólabörnin og starfsfólk skólanna hafi kunnað vel að meta þessar gjafir sem koma vonandi að góðum notum. Það eru þeir Gunnar Valdimarsson tréiðnakennari og Ágúst Eiríksson, málm-smíðakennari sem hafa haldið utan um þetta verkefni. Þetta framtak hefur vakið verðskuldaða athygli en um haustið kom sjónvarpsþátturinn Landinn í heimsókn og fjallaði um verkefnið.

7.7 Sálfræðipjónusta

Á haustönn var farið að bjóða upp á þjónustu sálfræðinga í skólanum. Það eru sálfræðingar sem starfa á fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar sem sinna þessari þjónustu sem er fjármögnuð með styrk frá menntamálaráðuneytinu. Viðtalstímar sálfræðinganna hafa verið vel nýttir enda hefur lengi verið talað um að nauðsynlegt sé að bjóða upp á slíka þjónustu í skólum landsins. Um er ræða tilraunaverkefni sem stendur út skólaárið 2016-2017 en vonandi verður áframhald á því og það er líka ánægjulegt að það sé ekki lengur feimnismál að leita sér aðstoðar vegna kvíða og andlegra kvilla ekki síður en líkamlegra.

7.8 Hollvinasamtök Fjölbrotaskóla Suðurnesja

Í kringum afmælishátíð skólans var unnið að stofnun hollvinasamtaka skólans. Þau voru síðan stofnuð formlega þann 29. nóvember með fyrsta aðalfundi félagsins og eiga vonandi eftir að efla tengsl skólans við velunnara sína og fyrrverandi nemendur. Fyrsti formaður var kjörinn Sveindís Valdimarsdóttir.

Stjórnendur funduðu með stjórn Hollvinasamtaka skólans á vorönn og var mikill hugur í mönnum. Spennandi verður að fylgjast með framvindunni næstu misserin og án ef mun skólinn eigi eftir að njóta góðs af þeirra starfi.

7.9 Erasmus+ verkefni

Skólinn tók þátt í verkefni á vegum Erasmus+-áætlunarinnar en í verkefninu er fjallað um nýjar kennsluaðferðir. Fyrsti fundur hópsins var haldinn hér á landi en það var Ívar Valbergsson vélstjórnarkennari sem tók þátt fyrir hönd skólans. Verkefnið heitir New Learning Arena og það eru kennarar og skólastjórnendur frá skólum á Spáni, Portúgal, Ítalíu, Danmörku og Grænlandi sem taka þátt auk Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Það er því óhætt að segja að norðrið og suðrið mætist í hópnum en það eru Grænlandingar sem halda utan um verkefnið. Verkefnið er til tveggja ára og verður haldinn einn fundur í hverju landi.

7.10 Breytt stokkatafla

Ný stokkatafla var tekin í notkun á haustönn

8:05-9:05	A	A	A	A	Fundur
9:10-10:10	B	B	B	B	C
10:25-11:25	C	D	C	D	D
11:25-12:05	M	A	T	U	R
12:05-13:05	D	E	E	C	E
13:10-14:10	F	F	F	E	G
14:20-15:20	G	G	G	F	
15:25-16:25	Fundur	H/stoð	H/stoð	H/stoð	

7.11 Ferðalög nemenda og kennara

Nemendur skólans eru duglegir við að heimsækja leikhús, listasöfn og ýmsa vinnustaði og fara í menningar- og vettvangsferðir, enda er það hluti af námi þeirra.

Nemendur í uppeldisfræði heimsóttu leikskóla í Reykjanesbæ og fræddust um ákveðið efni í hverri heimsókn, eins og stefnu leikskólans, nám og kennsluaðferðir í leikskóla og starfsáætlun. Nemendur á tölvuþjónustubraut heimsóttu tölvudeild Isavia. Nemendur með annað tungumál en íslensku heimsóttu landnámssýninguna 874 í Aðalstræti og unnu síðan verkefni í tengslum við hana með miklum ágætum. Nemendur í íslensku 503 fóru á alþjóðlegu kvikmyndahátíðina RIFF og unnu verkefni. Nemendur í íslensku 3BF5 ræddu sérstaklega stöðu íslenskrar tungu og tóku fyrir hvernig fjallað er um hana í íslenskum fjölmiðlum. Þess má geta að nemendur nefndu sérstaklega þáttinn Orðbragð sem sýndur er á RÚV sem dæmi um þátt sem stuðlar að jákvæðri umfjöllun um tunguna og mikilvægi hennar. Nemendur í lífsleikni og lýðheilsu tóku þátt í forvarnadegi ungra ökumanna við 88 húsið en alls tóku 180 nemendur þátt og eru vonandi vel undirbúnir að fara út í umferðina sem ökumenn.

Nemendur á starfsbraut fóru í haustferð til Reykjavíkur þar sem hópurinn skoðaði merkilegar en ólíkar stofnanir, Reðursafn Íslands og Ríkisútvarpið. Nemendurnir voru sammála um að Reðursafnið væri áhugavert á sinn sérstaka hátt þó það væri vissulega óvenjulegt. Því næst var haldið í bækistöðvar RÚV og þar fengu nemendur góðar móttökur og nýtt og spennandi sjónarhorn á þennan merkilega vinnustað. Nemendur enduðu vel heppnaða ferð á því að borða saman á Pizza Hut og skoða sig um í Smáralindinni. Þann 3. maí héldu nemendur á starfsbraut svo í vorferð. Að þessu sinni var farið í Hveragerði með viðkomu í Strandakirkju. Nemendur skoðuðu fyrirtæki og nutu náttúrufegurðarinnar í bænum.

Nemendur á sjúkraliðabraut heimsóttu Björgina geðræktarmiðstöð þar sem þeir fengu fræðslu um starfsemi stöðvarinnar. Sjúkraliðanemar heimsóttu einnig Brunavarnir Suðurnesja og fengu fræðslu um störf sjúkraflutningamanna og slökkviliðsmanna. Nemendur í umhverfisfræðum fóru í Ráðhús Reykjanesbæjar og ræddu við starfsmenn á umhverfissviði um skólpál, sorpmál og loftgæðamál sveitafélagsins. Nemendur í íslenskum nútímabókmenntum fóru í Þjóðleikhúsið og sáu Álfahöllina en það verk tekur m.a. fyrir hvert hlutverk leikhúss er í samfélaginu. Nemendur af erlendu bergi brotnir skoðuðu sýningu Svanhildar og Söru Vilbergsdætra, Úlfatími, í Listasafni Duus sér til mikillar ánægju. Í kjölfarið unnu nemendur áhugaverða kynningu á listamönnum frá sínu heimalandi. Í mars fóru nemendur af tölvubrautum og kynntust kerfisrekstri og hýsingu netþjóna hjá Þekkingu. Það er samdóma álit nemenda og kennara að þessar heimsóknir hafi verið áhugaverðar og lærdómsríkar og nemendur okkar fengu alls staðar frábærar móttökur.



Nemendur sem sýndu verk sín á myndlistarsýningu í Duus-húsum.

8. Ýmsar uppákomur

8.1 Móttaka nýnema

Þann 29. ágúst var móttaka nýnema en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Að þessu sinni bauð nemendafélagið nýnemum í óvissuferð sem lauk við Sólbrekkuskóg þar sem boðið var upp á varðeld, leiki og margt fleira. Vel var mætt í ferðina en vikuna eftir var sérstakt nýnemakvöld á sal þar sem einnig var fjölmenni. Það er óhætt að hrósa stjórn nemendafélagsins fyrir þessar skemmtilegu uppákomur en móttaka nýnema hefur verið að breytast undanfarin ár og er það vel.

8.2 Kynningarfundur

Kynningarfundur foreldra yngri nemenda var haldinn þann 30. ágúst. Fundurinn hófst á því að Einar Trausti Einarsson sálfræðingur hjá Reykjanesbæ kynnti sálfræðiþjónustu sem tekin var upp í skólanum í haust. Að því loknu hófst hefðbundin dagskrá sem m.a. fólst í kynningu á skólastarfinu og hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í gegnum skólakerfið Innu. Fulltrúar nemendafélagsins NFS sögðu síðan frá starfsemi félagsins.

8.3 Opið hús - námskynning

Þriðjudaginn 14. mars var nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra boðið í heimsókn síðdegis. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 18:30. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Þetta er fimmta árið í röð sem slík kynning er haldin og hefur aðsóknin verið mismikil. Í skólanum er reglulega rætt hvernig best sé að kynna skólann og námsframboð fyrir nemendum grunnskóla enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann.

8.4 Náms- og starfskynning

Skólinn kynnti starfsemi sína á kynningu fyrir nemendur 9. og 10. bekkja á Suðurnesjum. Kynningin var haldin í Íþróttahúsinu í Keflavík en það var Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum sem stóð fyrir henni. Flestir nemendur 9. og 10. bekkjar á Suðurnesjum mættu en reiknað var með um 600 nemendum á kynninguna. Námsráðgjafar, verknáms- og íþróttakennarar kynntu námsframboð Fjölbrotaskóla Suðurnesja og voru nemendur áhugasamir og duglegir að spyrja.

8.5 Háskólakynningar

Í byrjun febrúar bauðst nemendum á öðru ári á stúdentsbrautum að kynnst námsleiðum í Háskóla Íslands í gegnum verkefnið „Háskólaherminn“. Nemendur fóru í háskólann í tvo daga og fengu kynningu á því fjölbreytta námi sem þar býðst.

Þriðjudaginn 7. mars kynntu allir háskólar landsins starfsemi sína á sal. Þessi kynning var haldin í tengslum við Háskóladaginn sem var 4. mars en í framhaldinu voru slíkar kynningar haldnar víða um land og vorum við fyrst í röðinni. Það voru Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst, Listaháskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum og Landbúnaðarháskóli Íslands sem mættu og kynntu starfsemi sína og námsframboð. Nemendur skólanna sáu að hluta um kynninguna og það var gaman að sjá að í þeirra hópi voru nokkrir fyrrverandi nemendur okkar. Núverandi nemendur skólans nýttu tækifærið vel, kynntu sér það sem þarna kom fram, spurðu án afláts og fengu auðvitað mikið af bæklingum.

8.6 Þemadagar

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir 23. og 24. febrúar og var yfirskrift þeirra „Ung, villt og frjáls“. Það er rétt að taka einkennisorð daganna ekki mjög bókstaflega. Þar var fyrst og fremst vísað til þess að fólk hafði nokkuð frjálsar hendur um það hvernig það naut þemadaganna að þessu sinni. Á fimmtudag voru námskeið og fyrirlestrar og þar gátu nemendur farið á milli og skoðað allt sem var í boði. Það er óhætt að segja að létt og góð stemning hafi verið í skólanum þennan dag og fólk hafi skemmt sér vel enda dagskráin fjölbreytt og skemmtileg. Á föstudag var boðið upp á dagskrá á sal. Þar var byrjað á bröns í boði þemadaga. Vegna veðurs og ófærðar varð dagskráin reyndar nokkuð endasleppt en hún var stytst svo að nemendur kæmust örugglega til síns heima áður en boðað óveður skall á. Þá var búið að bóka skemmtikrafta úr höfuðborginni sem ekki komust á staðinn vegna veðurs. Í staðinn hlupu nokkrir nemendur í skarðið og skemmtu með söng og leik.

8.7 Starfshlaup

Starfshlaupið var haldið í 22. sinn síðasta kennsludag fyrir páska eða föstudaginn 7. apríl. Andrés Þórarinn Eyjólfsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, kennarar sáu um skipulagninguna sem gekk vel. Starfshlaupið er nokkurs konar boðhlaup þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann og ýmsum þrautum. Að þessu sinni kepptu fimm lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara síðan fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Keppnin var gríðarlega spennandi í ár og réðust úrslit ekki fyrr en í síðustu þrautunum en svo fór að græna liðið sigraði.

8.8 Dimissio

Í lok hverrar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er dimissio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum. Á haustönn var dimissio haldið 25. nóvember en á vorönn 28. apríl. Um morguninn er dagskrá á sal. Það er orðin hefð fyrir því að á dimissio sé boðið upp á stuttmynd um lífið í skólanum. Að lokinni kvikmyndasýningunni fer fram verðlaunaafhending en þar fær útskriftarhópurinn langþrátt tækifæri til að veita kennurum sínum viðurkenningar fyrir frammistöðu sína. Um kvöldið er síðan hin svokallaða síðasta kvöldmáltíð en þá borða útskriftarnemendur og starfsfólk skólans saman og gera sér glaðan dag. Hópurinn um vorið var óvenjustór og er líklegt að þetta hafi verið fjölmennasta dimissio í sögu skólans til þessa.

8.9 Gróðursetning

Hefð er fyrir því að væntanlegir útskriftarnemendur gróðursetji plöntur hjá Rósaselsvötnum fyrir ofan Keflavík, til minningar um veru sína í skólanum. Svæðinu sem um ræðir fékk skólinn á sínum tíma úthlutað hjá Skógræktarfélagi Suðurnesja. Nemendur sem útskrifast frá skólanum gróðursetja þar plöntur tvisvar á ári; nemendur sem útskrifast á haustönn fara í upphafi haustannar en hópar sem útskrifast að vori gróðursetja þá. Þetta hefur verið gert í þó nokkur ár og var engin breyting þar á þetta árið. Búið að gróðursetja þó nokkuð af plöntum sem eiga vonandi eftir að vaxa þar og dafna.

8.10 Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja stóðu sig vel að vanda í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu.

Lið skólans tók að venju þátt í spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur og MORFÍS, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna. Lið skólans sigraði lið Fjölbrautaskóla Snæfellinga í 1. umferð Gettur betur en tapaði fyrir Menntaskólanum á Egilsstöðum í næstu umferð. Liðið skipuðu þau Fannar Gíslason, Magnþór Breki Ragnarsson og Sóley Ösp Sverrisdóttir og þjálfari var Andri Þór Ólafsson. Lið skólans komst í 8 liða úrslit Morfís en tapaði þar fyrir liði Flensborgarskólans. Liðið skipuðu Sólborg Guðbrandsdóttir, Ríta Kristín Haraldsdóttir Prigge, Ólafur Bergur Ólafsson og Aníta Lóa Hauksdóttir en þau Páll Orri Pálsson og Dagný Halla Ágústsdóttir voru varamenn og tóku þátt í öllu starfi liðsins.

Í október var þrekmótakeppni framhaldsskólanna haldin í annað sinn en okkar lið vann einmitt fyrstu keppnina í fyrra. Að þessu sinni endaði okkar lið í þriðja sæti sem er auðvitað prýðilegur árangur. Í liðinu voru þau Atli Haukur Brynleifsson, Guðmundur Juanito Ólafsson, Ingibjörg Anna Artursdóttir og Nína Karen Víðisdóttir. Liðinu stjórnaði að sjálfstöðu Kristjana Hildur Gunnarsdóttir íþróttakennari sem er ekki óvön keppnum af þessu tagi.

Í mars tóku nokkrir nemendur skólans þátt í Íslandsmóti iðngreina og forritunarkeppni framhaldsskóla og voru skólanum til sóma þó þeir hafi ekki lent í verðlaunasæti að þessu sinni.

Stærðfræðikeppni grunnskólanema fór fram í skólanum 14. mars s.l. en þar voru þátttakendur 119 úr öllum grunnskólum á Suðurnesjum. Ragnheiður Gunnarsdóttir fagstjóri í stærðfræði hafði umsjón með keppninni eins og undanfarin ár. Verðlaunaafhending fór síðan fram fimmtudaginn 30. mars. Þar mættu tíu efstu í hverjum árgangi ásamt foreldrum sínum, stærðfræðikennurum og skólastjórnendum grunnskólanna. Allir sem voru boðaðir fengu viðurkenningarskjal auk þess gáfu Íslandsbanki og Verkfræðistofa Suðurnesja þeim verðlaun sem lentu í efstu sætunum.

Það var líf og fjör á hæfileikakeppni starfsbrauta sem haldin var í Flensborg 24. mars. Kristlaug Lilja Halldórsdóttir keppti fyrir hönd skólans með söngatriði og stóð sig með miklum sóma þó að skólinn hafi ekki hafnað í verðlaunasæti að þessu sinni.

8.11 Leikrit og aðrar uppákomur NFS

Nemendafélagið NFS stóð í stórræðum en hápunkturinn í starfi félagsins var uppsetning á söngleiknum Hairspray. Verkið var frumsýnt 19. apríl í Frumleikhúsinu við Vesturbraut en það byggir á samnefndri kvikmynd. Leikstjóri var Elva Ósk Ólafsdóttir en að venju var það stór hópur nemenda sem kom að sýningunni, bæði á sviðinu og ekki síður baksviðs.

Nemendafélagið stóð fyrir stjórnmalaviku í aðdraganda Alþingiskosninga en hún stóð yfir dagana 10.-13. október. Á mánudeginum var haldinn fundur á sal þar sem fulltrúar þeirra flokka sem buðu fram til Alþingis kynntu sinn flokk og stefnu hans. Daginn eftir var komið að ungliðahreyfingum flokkanna að kynna sig og fjalla um málefni ungs fólks. Á miðvikudag voru síðan pallborðsumræður þar sem fulltrúar stjórnmalaflokka svöruðu fyrirspurnum úr sal. Stjórnmalavikunni lauk síðan á fimmtudag með skuggakosningum. Þær fóru fram í flestum framhaldsskólum landsins á vegum verkefnisins #égkýs sem Landssamband æskulýðsfélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema stóðu fyrir. Tilgangurinn með stjórnmalavikunni var fyrst og fremst að efla lýðræðisvitund nemenda og hvetja þá til að taka þátt í kosningunum.

Nemendafélagið bauð svo auðvitað reglulega upp á skemmtikvöld og uppákomur í hádeginu að ógleymdum dansleikjunum.

Nemendur létu heldur ekki sitt eftir liggja þegar jólin fóru að nálgast og skreyttu sal skólans.

8.12 Stofnun ársins

Á vormánuðum var boðið til viðburðar ársins á vegum SFR, stéttarfélag í almannajónustu þar sem veitt voru verðlaun fyrir stofnun ársins 2017. Fjölbrotaskóli Suðurnesja lenti í þriðja sæti af 86 í hópi stórra stofnana en undanfarin tvö ár hafnaði skólinn í öðru sætinu. Skólinn getur því notað titilinn Fyrirmyndarstofnun SFR og er ein ellefu ríkisstofnana sem hlýtur þann titil í ár. Þetta er fjórða árið í röð sem skólinn er útnefndur ein af fyrirmyndarstofnunum SFR og erum efst stóru framhaldsskólanna á landinu og það eru að sjálfsögðu ánægjuleg tíðindi fyrir vinnustaðinn.



Frá frumsýningu á söngleiknum Hairspray í Frumleikhúsinu.

9. Skýrsla matsnefndar

Á haustönn 2016 mynduðu fjórir kennarar af ólíkum sviðum Matsnefnd FS. Þau Ása Einarsdóttir, Atli Þorsteinsson, Axel Sigurbjörnsson og Garðar Garðarsson ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur. Á vorönn gekk Atli Þorsteinsson úr hópnum en inn kom Harpa Kristín Einarsdóttir. Hópurinn vann að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2016

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórðungs kennara var metinn.
2. Sjálfsmatsskýrsla vegna ytra mats Menntamálaráðuneytis
3. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til haustsins 2017. Reglulegt kennslumat var gert með hefðbundnu sniði. Spurningalisti er snýr að námi, kennslu og kennsluháttum er lagður fyrir alla nemendur ákveðins hóps kennara, en um það bil fjórðungur kennara er metinn á hverri önn. Niðurstöður eru síðan lagðar til grundvallar starfsmannaviðtals.

Að öðru leyti fór mest vinna matsnefndar í gerð sjálfsmatsskýrslu vegna ytra mats Menntamálaráðuneytis.

Í matinu er sjónum beint að fimm þáttum, stjórnun og skipulagi, kennslu og námsframboði, samskiptum og líðan, húsnæði og húsbúnaði og lykilárangri skólastarfsins og mat lagt á þessa þætti.

Við vinnslu sjálfsmatsskýrslunnar var ákveðið að fara þá leið að mynda fjóra hópa. Hóparnir fóru yfir viðmið og leiðbeiningar vegna ytra mats á framhaldsskólum og lögðu mat á þá þætti sem þar eru taldir til. Um var að ræða tvo átta manna hópa kennara/starfsmanna af hinum ýmsu sviðum skólans, bæði bóknámskennurum, verknámskennurum, starfsmönnum af starfsbraut, námsráðgjafa og bókasafnsfræðingi. Þriðja hópurinn myndaði matsnefnd skólans og þann fjórða stjórnendur. Allir hóparnir fóru yfir viðmiðin sem fyrir lágu. Niðurstöður voru síðan teknar saman. Skýrslan var síðan unnin í samvinnu matsnefndar og stjórnenda.

Í kjölfar ytra mats var síðan unnið að tillögum til úrbóta.

Í áætlun um sjálfsmat var gert ráð fyrir könnun um líðan nemenda. Á haustönn 2016 gerðu Rannsóknir og greining könnun á líðan nemenda í framhaldsskólum landsins. Ekki þótti ástæða til að matsnefnd gerði aðra könnun um sama efni á sama tíma þar sem skólinn fékk niðurstöður er varða nemendur skólans frá Rannsóknum og greiningu.

Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi úr áföngum og eignastaða tekin út.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2017

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. þriðjungs kennara var metinn.
2. Könnun á fjölbreyttu námsmati.
3. Könnun á móttöku nýrra starfsmanna.
4. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til haustsins 2017.

Kennslumat var lagt fyrir í öllum áföngum 16 kennara. Í kjölfarið fara fram starfsmannaviðtöl. Matslista sem lagður er fyrir nemendur var breytt í þremur atriðum er snúa að grunnþáttum menntunar. Það eru atriði er varða leiðsagnarmat, gagnrýna hugsun og fjölbreytileika kennsluaðferða.

Þá var gerð könnun á fjölbreyttu námsmati í skólanum. Tilgangur þessarar könnunar er að skoða hvort breytingar hafa orðið á námsmatsaðferðum á tímabilinu 2014-2017. Að þessu sinni fengu þátttakendur sendan spurningalista sem samanstóð af 26 námsmatsaðferðum og voru þeir beðnir um að merkja við allar þær námsmatsaðferðir sem þeir nota. Tveimur námsmatsaðferðum var bætt við að þessu sinni.

Í ljós kemur að námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og höfða til margra námspátta í skólastarfinu.

Þegar niðurstöður eru bornar saman við fyrri niðurstöður frá árinu 2014 kemur fram að breytingar eru ekki miklar og eru námsmatsaðferðir sem kennarar beita fjölbreyttar.

Samkvæmt sjálfsmatshring átti að gera könnun á móttöku nýrra starfsmanna vorið 2016 en vegna lítillar starfsmannaveltu var þeirri könnun frestað til vors 2017. Að þessu sinni var könnunin gerð með sama hætti og árið 2014 þar sem haldinn var matsfundur með nýjum starfmönnum. Haldinn var einn fundur og voru þátttakendur bæði úr hópi kennara og annarra starfsmanna. Fundinn sátu allir matsnefndarfulltrúar utan aðstoðarskólameistara. Könnunin fór þannig fram að myndaður var hringur og fékk hver einstaklingur tækifæri til að minnst á að minnsta kosti þrjú atriði sem hann taldi góð eða til fyrirmyndar við móttöku nýrra starfsmanna og síðan fékk hver að nefna að minnsta kosti þrjú atriði sem betur mættu fara.

Tillögur til úrbóta

Fjölbreytt námsmat í skólanum.

Niðurstöður þessarar könnunar gefa til kynna að námsmatsaðferðir kennara séu mjög fjölbreyttar.

Til að viðhalda þeim fjölbreytileika sem fyrir er og skjóta styrkari stoðum undir fjölbreytni námsmats er lagt til að hugað verð að frekari fræðslu um ýmiskonar námsmatsaðferðir fyrir kennara skólans.

Móttaka nýrra starfsmanna.

Á jafn stórum vinnustað og Fjölbrotaskóli Suðurnesja er getur verið flókið að átta sig á öllum þeim fjölda starfsmanna sem fyrir eru. Mikilvægt er að uppfæra upplýsingar um starfsmenn skólans á heimasíðunni þannig að þær séu aðgengilegar öllum.

Mikilvægt er að sviðstjórar eða aðrir þeir sem taka á móti nýliðum fari gegnum gátlista með þeim við móttöku og líka tveimur til þremur vikum eftir að starf hefst.

Þá þarf að leggja áherslu á að kynna starfið og stofnunina fyrir þeim sem hefja störf eftir að reglulegt starf annar hefst. Það má til dæmis gera með reglulegum spjallfundum með þátttöku reyndra starfsmanna.

Endurskoða þarf kennarahandbókina og jafnvel breyta henni í starfsmannahandbók sem allir fá í upphafi starfs.

Ása Einarsdóttir, verkefnastjóri, tók saman.



Dimissio-hópur haustannar.

10. Skýrslur sviðsstjóra

10.1 Málasvið

Kennsla skólaárið 2016-2017

#	Kennarar	Greinar	Áfangar	Fj. tíma H2016	Fj. tíma V2017
1	Anna Karlsdóttir Taylor	íslenska	ÍSLE2LR-ÍSLE1FA-ÍSLE2MÆ-ÍSLE1MR-VITA2VT-ÍSLE1FB	36	30
2	Axel Gísli Sigurbjörnsson	enska	ENSK1ET, ENSK2KO, ENSK2GA	33	33
3	Einar Trausti Óskarsson	spænska	SPÆN1SO, SPÆN1SS, SPÆ403, ENSK3VO	32	32
4	Einar Valgeir Arason	íslenska	ÍSLE1MR	8	4
5	John Richard Middleton	enska	ENSK2KO, ENSK3AO	30	30
6	Jórunn Tómasdóttir	spænska-íslenska	SPÆN1SS, SPÆN1TJ	24	24
7	Kristrún Guðmundsdóttir	íslenska	ÍSA103-ÍSA503, ÍSL503, ÍSLE3BF, ÍSLE3NB	24	24
8	Ólöf Hildur Egilsdóttir	enska	ENSK1OS, ENSK2OS, ENSK2GA, ENSK3AO	30	30
9	Sara Harðardóttir	enska	ENSK2OS, ENS503, ENSK3FS	24	24
10	Sigríður Albertsdóttir	íslenska	ÍSLE1ML, ÍSLE2BR, ÍSLE3BF, LOKA3LV	30	31
11	Simon Cramer Larsen	danska	DANS1ML, DANS1LF, DANS2LU, DANS2LB	25	19
12	Sumarrós Sigurðardóttir	danska	DANS1ML, DANS2LU, DANS2LB	30	30
13	Veska Jónsdóttir	pýska-enska	PÝSK1PO, PÝSK1OS, PÝSK1PT, PÝSK1PS, PÝS403, ENSK1OS, ENSK2OS	30	30
14	Þorsteinn Þorsteinsson	íslenska	ÍSLE1MR, ÍSLE1ML, ÍSLE2MÆ, ÍSLE2LR, ÍSL683	30	30

1 5	Þorvaldur Sigurðsson	íslenska	ÍSLE1MR, ÍSLE2BR, ÍSLE2MÆ, ÍSLE3BF, ÍSLE2LR,	30	30
--------	----------------------	----------	---	----	----

Umræðan 2016-2017

Enn heldur Fjölbrautaskóli Suðurnesja þeim réttindum að mega kalla sig Fyrirmyndarstofnun eftir úttekt SFR á stofnun ársins og það hvorki meira né minna en í fjórða sinn í röð. Starfsandinn á þessum vinnustað er og hefur verið til fyrirmyndar enda hefur skemmtilegur kjarni verið lengi við skólann. Nú bregður svo við að stór biti þessa kjarna hefur ákveðið að nóg sé komið svo það verður forvitnilegt að fylgjast með þróun starfsandans á komandi misserum. Persónur sem hafa verið hluti af tilveru okkar hér í FS munu skilja eftir sig tómarúm en vonandi nær hópurinn að halda sjó því áfram viljum við geta skreytt okkur með þessum skemmtilega titli.

Nýja námskráin hefur verið í gangi á árinu og með tilkomu svokallaðra brúaráfanga þá virðist hafa tekist að brúa bilin milli áfanga þannig að næsti áfangi á eftir geti talist eðlilegt framhald á þeim sem á undan fór. Rætt var hvernig raðast hefur í áfanga eftir að grunnskólanum var gert að meta með einkunnabókstöfum. Einnig fóru fögin yfir hvernig okkar kröfur samræmdust forkröfum háskólastigsins þannig að færsla nemenda yrði sem eðlilegust milli skólastiga. Vonandi mætir skólinn bæði grunnskóla og háskólastiginu sem best eftir þessa vinnu. Með brúaráföngunum og nýju áfangaheitunum virðumst við vera komin með nýja námskrá sem sigla má á inn í nána framtíð, eða þar til við fáum metnaðarfullan ráðherra menntamála.

40 ára afmæli Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldið hátíðlegt á haustönninni með ýmsu móti og svo skemmtilega vildi til að enn er starfandi maður hjá okkur sem hefur starfað við þessa rótgrónu stofnun frá stofnun hennar. Hefur hann gegnt stöðu trúnaðarmanns, kennara, áfangastjóra, aðstoðarskólameistara og skólameistara svo nokkuð sé nefnt og jafnan verið hrókur alls fagnaðar á kaffistofunni sem og annars staðar. Takk fyrir mig Ægir Sigurðsson.

Atriði eins og kaffihúsafundir, fagfundir, sviðsfundir, örnámskeið, kvíðanámskeið, jakkafatajoga og svo mætti lengi telja eru dæmi um samvinnuverkefni sem talin eru geta stuðlað að framgangi árangursríks starf innan okkar skóla. Sumt skilar meiri árangri en annað og vonandi lærum við af reynslunni svo í framtíðinni verði undirbúningur og framkvæmd enn faglegri og þá jafnframt árangursríkari en áður. Það fór sérstaklega mikið fyrir umræðu er snéri að lykilatriðunum svokölluðu. Umræðan færði þessi áhersluatriði vonandi mun nær mönnum og auðveldar þeim alla endurskoðun þegar kemur að skipulagi t.d. næsta skólaárs.

Mötuneytið var yfirtekið og sér skólinn nú um reksturinn. Almenn ánægja virðist vera með þessa breytingu og er hún e.t.v. sýnishorn breytinga sem eru til bóta. Vel virðist hafa tekist til með rekstrarformið og eiga stjórnendur hrós skilið fyrir þessa vinnu. Vonandi verður hún þeim enn frekari hvatning til nýbreytni svo stofnunin haldi áfram að blómstra.

Skömmu eftir að árið 2017 hélt innreið sína þá varð einn nemenda okkar fórnarlamb umferðaróhapps. Hafði þetta mjög djúpstæð áhrif á skólasamfélagið okkar. Viðbragðsáætlun skólans var virkjuð og var það mál margra manna að aðkoma skólans að þessum sorglega atburði hafi verið nálægt því sem við viljum sjá þegar svona hendur. Boðað var til fundar á sal skólans þar sem fagfólk var til staðar til að hjálpa þeim sem vildu aðstoð. Síðar var einnig efnt til minningarathafnar sem var mjög fjölmenn. Samstaðan var augljós og sorgin mikil. Þess má geta að hún Alma Þöll okkar átti þrjá mjög nána fjölskyldumeðlimi í starfsmannahópi skólans.

Nýjustu hræringarnar innan FS eru varðandi samruna prófadaga og kennsludaga. Virðist allt stefna í að töluverðra breytinga sé að vænta á þessu fyrirkomulagi sem við höfum átt að venjast. Nú þegar er kennslan komin vel inn í maí og má gjarnan kalla það nokkurs konar forstigsbreytingu því að í kjölfarið kemur væntanlega prófa og kennsludaga uppstokkunin. Útfærslan bíður næstu annar og verður spennandi að sjá hvort við komum ekki út úr henni á jafn farsælan hátt og þegar mötuneytismálin voru stokkuð upp.

Málasviðið missir tvo rótgróna og eftirminnilega starfsmenn í Söru Harðardóttur og Einari Valgeiri Arasyni eftir þessa önn. Þakka ég þeim innilega fyrir þeirra skemmtilega og hressa innlegg og samstarf í gegnum árin og vonandi kíkja þau við á næstu misserum til að létta okkur hinum aðlögunina að missa þau úr hópnum. Einnig hverfur Sigríður Albertsdóttir á vit nýrra verkefna þar sem Hulda Egilsdóttir og Ingibjörg Böðvarsdóttir snúa aftur eftir leyfi. Vil ég þakka Sigríði fyrir síðastliðið skólaár með okkur en hún hefur nappað fleiri pennum af vinnuborðinu mínu en ég kæri mig um að muna. Þeir nýtast henni vonandi vel í nýju starfi! Málasviðið er og verður auðvitað alltaf langbesta sviðið, sama hvað hinir segja! Vil ég nota tækifærið og þakka hópnum fyrir eftirminnilegan vetur þar sem menn tókust á en koma vonandi betri, sterkari og jafnvel hressari út úr öllu saman. “Ef mannleg samskipti drepa þig ekki þá styrkja þau þig!”

Óvenjulegar samræður eru núna í gangi aftan við mig í vinnurýminu sem ganga út á kaflaskil í lífum gamalla félaga er þeir afmá öll ummerki um langa veru sína í skólanum og skella í kassa endalokum starfsævinnar. Öll komum við til með að deyja og vonandi náum við því öll að raða endalokum starfsævinnar í kassa.

Axel Gísli Sigurbjörnsson, sviðsstjóri málasviðs, tók saman í maí 2017.

10.2 Stærðfræði- og raungreinasvið

Kennarar:

Kennari	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Ása Valgerður Einarsdóttir	LOL203(6),HJÚ303(6), HJÚ403(6), SJÚ203(6)	LIOL2IL05(6), HJÚ503(6), LYF103(6), VIN305, SASK2SS05(6)
Ásgeir Ólafur Pétursson	EÐLI2AF05(12), NÁT123(6), EÐL203(6)	EÐLI2AF05(12), NÁT123(6), EÐLI3RS05
Jóhanna Björnsdóttir	STÆR2TL05(12), STÆR2AH05(6), STÆR2AR05(12)	STÆR2AH05(6), STÆR2AR05(6), STÆR2TL05(12), STÆR1AR05(6)
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆ603 (6), STÆ503(6), STÆ513(6), STÆ403(6), STÆR2VH05(6)	STÆR4SG05(6), STÆR3AF05(12), STÆR2VH05(6), STÆR3DF05(6)
Guðmundur Grétar Karlsson	EFNA2LM05(12), EFNA2GE05(12), EFN303 (6)	EFNA2LM05(12), EFN203(6), EFN313(6)
Haukur Viðar Ægisson	NÁT123 (12), NÁT103(6), LÍF103(6), STÆR1AR05(6)	NÁT103(12), LÍFF3ER05(6), STÆR2AR05(6), LÍFF2ML05(6)
Inga Lilja Eiríksdóttir	STÆR2VH05(12), STÆR2AH05(12), STÆR6TL05(6)	STÆR2AH05(6), STÆR2TL05(18), STÆR2VH05(6)
Harpa Kristín Einarsdóttir	SNAT, NÁT103(6), LÍF113(6), LÍFF2LE05(6)	LÍFF2LE05(6), LÍFF2ML05(6) SNAT(12), LÍFF2LÍ05(6), LOKA
Jón Gunnar Schram	STÆR2AR05(12), STÆR2PT05(6) STÆR1AG05(12),	STÆR1AR05(6), STÆR2AR05(6), UMF1024(6), STÆR1AG05(12)
Ragnheiður G Gunnarsdóttir	STÆR3DF05(6), STÆ503(6), STÆR1PT05(6), STÆR1FAT04(6)	STÆR1AG05(6), STÆR3DF05(12), STÆR3HI05(6)
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	STÆR2AR05(12), STÆR1FA04(6), STÆ413(6)	STÆR2TL05(6), STÆR1FB04(6), STÆR1ÁT05(6)
Sólveig Björk Granz	HJÚK1AV05 (6), SJUK2MS05(6), HJÚK1AG05(6), HBF11HH05(6)	SJÚK2GH05(6), HJÚK2TV05(6), HJÚK2TV05(6)

Ægir Sigurðsson	NÁT113(12), JAR103(6), LAN103(6)	NÁT113(6), JAR103(6) LAN103(6), NÁTT1GR05(6)
-----------------	-------------------------------------	---

Kennsluhættir

SNAT er áfangi þar sem blandað er saman samfélagsfræði og náttúrufræði. Þar eru unnin þverfagleg verkefni svo sem sjálfbær þróun, fjölmening, vatn og fæða, lýðræði og samfélag, ferðamennska, náttúra og saga og fl. Þetta er kennt í lotum. LIFF2LE05 er áfangi þar sem gamla LIF103 er skipt upp í tvo. Meiri áhersla er lögð á samanburðarlífeðlisfræði og verklega kennslu.

Áfangar STÆR1PT05 og STÆR1AG05 eru 3 lotur sem enda með prófi. Ekki er lokapróf. Áfangar STÆR1AR05, STÆR2AR05 eru metnir eins og sagt er hér að neðan. Í fornámi var STÆR1FA05 á haustönn. Námsefni STÆR1PT05 tekið inn og nemendur fengu einingar fyrir. Á vorönn STÆR1FB05. Áfanginn STÆR1AG05 tekinn inn og einingar gefnar fyrir. Gekk vel.

Önninni er skipt í fjórar lotur. Eftir hverja lotu er gefin einkunn.

Í hverri lotu er:

Stöðupróf sem gildir 80%. Í stöðuprófinu er heimilt að vera með sína eigin vinnubók sem nemandinn hefur sjálfur skrifað.

Heimadæmi sem gildir 10 % og

hópverkefni sem gilda 10 %

Engin sjúkrapróf verða á önninni.

Hver lota gildir 0% eða 20% af lokaeinkunn. Lokapróf gildir 20%, 40%, 60%, 80% eða 100%. Nemandi ákveður í lokaprófinu hvað hann lætur lokaprófið gilda mikið. Ef nemandi hefur staðið sig vel í öllum lotunum getur hann látið lokaprófið gilda 20% á móti lotueinkunnunum. Ef nemandi hefur gengið illa í einni eða fleiri lotum eða hefur verið veikur þegar stöðupróf eru þá getur hann látið lokaprófið gilda meira. Dæmi: Nemandi fær lágt fyrir fyrstu lotu og hefur verið veikur þegar 3. stöðupróf er. Þá getur hann látið lokaprófið gilda 60% og látið lágu einkunnirnar detta út.

Til þess að ljúka áfanganum þarf nemandi að mæta í lokaprófið og fá að lágmarki 4,5 í lokaeinkunn fyrir önnina.

Eins og sést í upptalningunni á kenndum á föngum hér að ofan þá komu fleiri ný heiti á áföngum inn á vorönn. STÆ403 datt út fyrir STÆR3DF05, STÆ503 fyrir STÆR3HI05, STÆ703 fyrir STÆR4SG05. Næsta haust dettur STÆ513 fyrir STÆR3SS05. Það sama gildir um raungreinaáfangana. Á haustönn kom inn nýr áfangi í eðlisfræði, EÐL12AF05 sem er skert útgáfa af EÐL103.

Námsmat

Námsmat á sviðinu byggir að mestu leiti á vinnueinkunn, sem samanstendur af heimaverkefnaskilum og stöðuprófum og lokaprófi. Einstaka greinar eru metnar með símati og byggir það á mætingu og vinnueinkunn.

Fundir

Sviðsfundir voru haldnir u.þ.b. mánaðarlega á skólaárinu þar sem til umræðu voru hin ýmsu málefni sviðsins. Góður andi ríkir á sviðinu þó svo menn séu ekki alltaf sammála um alla hluti. Fagfundir undir stjórn Ragnheiðar Gunnarsdóttur voru allnokkrir og voru þeir m.a. notaðir til umræðna um nýja áfanga. Hugmyndir frá stjórnendum um fækkun prófadaga voru ræddar og verður haldið áfram í haust.

Innkaup og fjárveitingar

Engin stórinnskaup á skólaárinu, einungis fjárútlát í almennan rekstur.

Að lokum

Það er óhætt að segja að skólaárið hafi gengið vel. Nýju byrjunaráfangarnir í stærðfræði m.t.t. reynslu síðustu annar þróaðir áfram. Samstarf á sviðinu var gott og kennarar áhugasamir um að gera sitt besta nemendum til hagsbóta.

Gunnlaugur Sigurðsson, sviðsstjóri stærðfræði- og raungreinasviðs, tók saman.



Græna liðið sigraði í Starfshlaupinu.

10.3 Samfélagssvið

Kennarar:

Kennari	Áfangar kenndir - haust	Áfangar kenndir - vor
Andrés Þ. Eyjólfsson	ÍÞGR1BA04 ÍÞRF1ÞJ05 ÍÞRÓ1AL01 ÍÞRÓ1DL01 LÝÐH1HF05 ÚTI1012	ÍÞRÓ1DL01 ÍÞFR2SS05 LÝÐH1HF05 ÍÞRÓ1B001 LÝÐH1ST02 ÍÞRÓ 1AL01 ÚTI1012
Atli Þorsteinsson	SNAT1SN10 SAG103 LÍFS1ES04	SNAT1SA05 SAGA2KN05
Bogi Ragnarsson	FÉLA2ES05 UPP203 FÉL403 SIÐF1SF05	FÉLA2ES05 FÉLA3KS05 FÉLA3HE05
Bragi Einarsson	UPPL2TU05	
Elísabet Karlsdóttir	UPPE2AU05 SÁLF2HS05 SÁLF3ÞS05	UPPE2AU05 SÁLF2HS05 SÁLF3SM05
Friðjón Einarsson	SAMS1SS03 SAMF1SÍ03	
Guðbjörg Jónatansdóttir	VITA2VT05 SAGA2HÍ05 SAG303	VITA2VT05 SAG2HÍ05 SAGA2KM05 LOKA3LV03
Gunnar Magnús Jónsson	ÍÞR1B12 ÍÞR2L12 ÍÞFR2SÁ05 ÍÞRÓ1AL01 NFS	KNAT2AA08 ÍÞRÓ1AL01 ÍÞR1B12 ÍÞRG2HA04 NFS1024
Harpa Kristín Einarsdóttir	SNAT1SN10	
Helgi Rafn Guðmundsson	ÍÞRÓ1AL01	
Hlynur Ó. Svavarsson	HAG103 HAG203 HAG113 VIÐ123	HAGF2ÞF05 VIÐ1436 VIFR2ST05
Hörður Ragnarsson	BÓK103 BÓK 203	BÓKF1BR05 BÓK2036

Kolbrún Marelsdóttir	LÍFS1ES04 LÝÐH1HF05	LÝÐH1HF05 LÍFS1GB04
Kristjana H. Gunnarsdóttir	ÍÞR2X12 ÍÞRÓ1DL01 (Heilbrigðisfræði LIOL Næringarfræði)	ÍÞRÓ1DL01 ÞRÓ1AL01 (LIOL2SS05 HBFR1HH05 NÆRI1NN05)
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	BÓK213	BÓK213 VITA2VT05
Þorbjörg Garðarsdóttir	UPPL1FA UPPL2TU UPPL2RT	UPPL1FB UPPL2TN
Þórunn Friðriksdóttir	FÉLA3KS05	FÉLA3AH05
Ægir Karl Ægisson	HEIM2NH05	SÁLF3LÍ05

Námsmat
<p>Námsmat var mjög fjölbreytt á sviðinu eins og venjulega:</p> <p>Próf á Moodle. Einstaklings- og hópverkefni. Kaflapróf í tímum. Lokapróf og símat.</p> <p>Ritgerðir og kynningar nema. Leiðsagnarmat. Jafningjamat. Vettvangsferðir.</p> <p>Bæklingagerð.</p>

Námskeið sem kennarar hafa sótt	
Nafn kennara	Námskeið
Andrés Eyjólfsson	Vatnsþjálfun í USA (þjálfunaraðferðir í vatni)
Atli Þorsteinsson	Seinni heimstyrjöldin á Kyrrahafi
Elísabet Karlsdóttir	Fjallað um nýjungar í þroska- og félagssálfræði. Námskeið í Núvitund
Guðbjörg Jónatansdóttir	Kenningar í afbrotufræði í H.Í. Söguráðstefna í apríl.
Kolbrún Marelsdóttir	Kvíði barna og unglinga. Markþjálfun
Kristjana Gunnarsdóttir	Nærumst í núvitund
Þórunn Friðriksdóttir	Barcelona (Endurmenntun HÍ) Blæjan í Islam

Fundir á skólaárinu
<p>Sviðsfundir voru mánaðarlega á skólaárinu. Sá fyrsti í byrjun haustannar í ágúst og sá síðasti stuttu fyrir lok vorannar.</p> <p>Fóru þar fram venjubundin störf eins og að safna upplýsingum fyrir viðtalstíma kennara. Ræða um gerð og frágang kennsluáætlana, mikilvægt að vanda kennsluáætlanir og passa að þær séu í takt við nýja námskr. Próf, prófagerð og samræmi í yfirferð prófa ásamt því að fara yfir niðurstöður prófa á sviðinu. Á hvorri önn voru teknir saman áfangar í boði fyrir næstu önn á eftir og kennarar minntir á að fylla inn bókalista. Foreldrafundur fyrir foreldra nýnema í ágúst, þar mættu umsjónarkennarar og sviðstjórar ásamt fleirum og voru til viðtals fyrir þá sem vildu.</p> <p>Einnig komu fram ýmsar fyrirspurnir til stjórnenda og boð fóru á milli stjórnenda og kennara.</p> <p>Ýmislegt bar á góma í umræðum á sviðsfundum og koma hér dæmi:</p> <p>Ekkert stoð á þessu skólaári og rætt um kosti þess og galla. Rætt um að lengja þurfi einhverjar frímínútur, kennarar komist varla á milli stofa á 5 mínútum (sérstaklega íþróttakennarar).</p> <p>Í lok haustannar rætt um fall í áföngum og hvað kennurum beri að gera ef fall er óeðlilega mikið, en nú er búið að ákveða verkferli varðandi það.</p> <p>Rætt um vinnutíma nemenda og álag en samkvæmt námskrá hafa þau mörg 45-48 klst vinnu á viku við námið ef þau ætla að klára á 3 árum. Enn var rætt um prófaálag á nemendum og ýmsir möguleikar ræddir um hvernig mætti jafna það, einnig rætt um símat eða lokapróf.</p> <p>Skerpa á umræðu um myndatökur í tímum og almennt um notkun snjallsíma.</p>

Teknir saman óskalistar og uppástungur um námskeið og fyrirlestra fyrir fræðslufundina.

Kaffihúsafundir voru um ytra matið og grunnþættina, sviðstjórar tóku saman punkta og koma þeim til stjórnenda. Áður höfðu sviðsfundir rætt um grunnþættina eins og t.d. lýðræði. Hvatning hafði komið frá ráðuneyti um að hvetja nemendur til þátttöku í samfélaginu.

Undirbúningur fyrir afmæli skólans en það var opið hús 24. september.

Kennarar óska eftir námskeiði til að læra á nýju Innu og ný forrit í tölvum.

Rætt um mætingareglur, rafrettur sem valda vandræðum fyrir m.a. eldvarnakerfið og loftræstinguna og kennarar beðnir um að halda vöku sinni.

Í byrjun vorannar var rætt um liðna önn og athugað hvernig námsefni passaði við nýju námskrána, fleiri kennslustundir og þess háttar. Athugað hvort einhverju þyrfti að breyta áður en nýjar kennsluáætlanir væru gerðar og muna eftir leikni, hæfni og hinum grunnþáttunum.

Kennarar sátir við nýju stundaskrána og finnst hún góð.

Rætt á önn um Innu og Moodle - kosti og galla. Innu vantar ýmislegt sem Moodle er með - spurningar ekki flokkaðar eftir köflum, ekki hægt að nota einkunnabók, o.fl.

Stefnur skólans voru endurskoðaðar og fékk okkar svið manneldisstefnuna til skoðunar.

Rætt var um fyrirlesturinn um streitu frá streituskólanum og rætt um hvernig styðja mætti nemendur. Tengdist umræðu um próf og álag. Einnig var rætt um mætingar nemenda.

Gott að hafa uppbrot í kennslu af og til, nota fréttir og umræðuefni líðandi stundar í tímum.

Almennt var mjög vel mætt á sviðsfundina hér á samfélags- og viðskiptasviði og kennarar jákvæðir.

AÐRIR FUNDIR; Á árinu voru síðan fagfundir, samráðsfundir, námskeiðsfundir, kennarafundir og kaffihúsafundir sem flestir tóku þátt í, en í hverri viku eru 2 fundir hjá hverjum kennara. Sviðstjórar og umsjónarkennarar mættu á foreldrafund í upphafi skólaárs, og sviðstjórar mæta síðan ætíð með útskriftarnemendum í skógrækt, þar sem útskriftarnemar planta trjám í skólalundinn. Sviðstjórar sjá síðan um að stjórna kennarafundum til skiptis og stýra hópum á kaffihúsafundum.

Einnig mæta sviðstjórar á vikulega fundi með stjórnendum.

Innkaup og fjárveitingar – sviðstjóri

Fjárhagsáætlun

Engin sérstök innkaup áttu sér stað á önninni, aðeins þetta venjulega, bækur og námsgögn ásamt einhverri endurnýjun á boltum fyrir íþróttir. Akademían er með sér fjármál en þar er meira um að vera.

Að lokum

Góð samskipti hafa verið á sviðinu eins og ævinlega og förum við nú sátt í sumarfrí.

Elísabet Karlsdóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, tók saman.



Frá 40 ára afmælishátíð skólans.

10.4 Tæknisvið

Kennarar:

Kennari	Áfangar Haust 2016	Áfangar Vor 2017
Katrín Sigurðardóttir	THL-103, THL-203, THL-143, THL-303, FATA1SH05	FATA1SH05, FATA2SH05, FATA2FF05, TEXT2BH05, HAND1HY05
Gunnar Valdimarsson	TIH 10A, ÚVH 102, SMSM1KY03, HÚSA1KY03	GLU104, INR106, TRÉ109, HÚSA1KY03
Hermann Ingjaldsson	FORR4HÁ05, FORR1GR05 (1), FORR1GR05 (2), VFOR3JC05, FORR2FF05	FORR2HF05 (1), FORR3LE05, FORR4GS05, USFS2WS04, LINU2KE05, LINU3SK05
Gísli Freyr Ragnarsson	TÖTÆ1GR05, GAGN1QU05 (1), GAGN1QU05 (2), FORR3IC05, VFOR1GR05	FORR3RR05, VFOR3BA05, FORR2LE04, GAGN2GG05, VFOR2JS05, FORR1KE01
Ásdís Björk Pálmadóttir	HÁRG1GB02, HÁRG2GB02, HPEM1GB02, HPEM2GB02, HKLI1GB03, IÐNF1GB04, HLIT1GB01	HÁRGB03, HPEM2GC02, HKLI2GB03, HKLI2GC03, IÐNF2GB04, HLIT2GB01, HLIT2GC01
Rósa Guðmundsdóttir	HESI2HK03, TÖUS1UB05, USFS1ES03, USFS2AD03, WIN2036	FORR2LE04, HESI2HV04, TÖTÆ2SÖ05, USFS2NS04, WIND3ST05
Lárus Þór Pálmason	SJR102	HÖS103

Kennari	Áfangar Haust 2016	Áfangar Vor 2017
Íris Jónsdóttir	SJÓN1TF05, STJÓN1LF05, ITH103, MYNL3LM05, MYNL3MÁ05, MYN103	MYNL2FF05, MYNL2MA05, MYL603, TEIK2FH03, MYNL3TB05, MYNL3PR05, ITEI2GB05
Bragi Einarsson	LIME2ML05, MYNL1VT05, MYNL1TE05, MYNL2AT05, UPPL2TU05	MYNL1TE05, MYNL1VE05 (1), MYNL1VE05 (2), LISA2RA05
Ágúst Eiríksson	SUÐA1SS03-1 og 2, HSU1024-1, HSU1024-1, RSU102-1	LSU1024-1, MALM1MA03-1, SUÐA1SS03-3 (4) H
Jónas Eydal Ármannsson	MALM1MA03-1, EFM1024-1, SMÍ104-8-1, HSU1024-2, VIS1024-1,	REN1036-1, REN1036-2, VIR1048-1, ITM1136-1, SMÍ2048-1
Sólveig Sveinbjörnsdóttir	AHS1036 (U), GRT1936-1, GRT2936-1, LIM2136, MYNL1TE05	AHS1036 (U), GRT1036-1, GRT1936-1, GRT2936-1 , MYNL1TE05 (2), LIM1136 (U)
Ívar Valbergsson	VST103, KÆL122, VST304, VST403, STÝ102	VST204, VST312, VST304, VST403, STI103, KÆL202

Kennari	Haust 2016	Vor 2017
Björn Sturlaugsson	EFG 1036, FRV 1036, GRT 1036 h1, GRT 1036 h2, GRT 2036, TEH 1036, TEH 2036, TTÖ 1036	GLU 1048, GRT 2036, INK 1024, TEH 1036, TEH 2036, TEH 3036, TRÉ 109D, VTS 1036

Garðar Þór Garðarsson	RAFG1KY03, RAFG1KY03 10. bekkur, STR 102, VGR 103, RLT 102, STR 302, RAL 102, TNT 303, RAF 453, Utanskóla áfangar STR 503	RAFG1KY03, RAFG1KY03 10. bekkur, TNT 202, STR 402, FRL 103, RLT 202, RAL 603, Utanskólaáfangar RAM 602, STR 603, VLV 103
Ólafur Baldvin Sigurðsson	RAM103 RAM303, TNT102, VGR103, VGR302, RTM202	RAM203, RAM403, RTM302, VGR203, VGR402
Björgvin Jónsson	RAF113, RAFG1KY03, RAL102, RAL303, RAL503, RAT102, RER103, RÖK102, STR102, P ÁFANGI RRV103	TNT4036, STR2036, RAL2036, RAFG1KY03, RAF2536, RAL4036, P áfangar VSM103, RRV203

Kennsluhættir

Katrín Sigurðardóttir: Sýnikennsla, innlagnir, verkleg kennsla
Gunnar Valdimarsson: Verkleg kennsla, sýnikennsla og stuttar innlagnir o
Hermann Ingjaldsson: Verkleg kennsla, verkefnavinna, verkefnaskil og fyrirlestrar
Rósa Guðmundsdóttir: Bókleg-, verkleg- og sýnikennsla, verkefnavinna bæði bókleg og verkleg, hópavinna í bóklegum og verklegum verkefnum.
Bragi Einarsson: Verklegir áfangar myndlist og einn bóklegur próf myndlistasöguáfangi
Ágúst Eiríksson: Verkleg kennsla, sýnikennsla og stuttar innlagnir og bóklegum verkefnum.
Björn Sturlaugsson: sýnikennsla, innlagnir, verkleg kennsla, verkefnavinna og skilaverkefni.
Ívar Valbergsson: vendináám, sýnikennsla, margmiðlun og verklegar æfingar.
Garðar Þór Garðarsson: Sýnikennsla, innlagnir, verkleg kennsla, verkefnavinna og skilaverkefni
Björgvin Jónsson: Sýnikennsla, innlagnir, verkleg kennsla, verkefnavinna og skilaverkefni

Kennslubækur og námsgögn

Katrín Sigurðardóttir: Tæki og tól í textílvinnu, Snið-og sniðteikningar þýdd af Ásdísi Jóelsdóttir

Gunnar Valdimarsson:
Timburhús eftir Andres Fröstrup
Utanhúsklæðningar
Innréttingar
Gluggar og hurðir

Björn Sturlaugsson:
Efnisfræði byggingagreina (IÐNÚ), Framkvæmdir og vinnuvernd (IÐNÚ), Gluggar og hurðir (IÐNÚ), Einangrun (IÐNÚ) gögn frá Steinullarverksmiðjunni á Sauðarkr., Inniklæðningar (IÐNÚ), Tréiðnir - Véltrésmíði (IÐNÚ), GRT II (IÐNÚ) og verkefnablöð í TEH áföngum.

Ívar Valbergsson: Vélar og vélbúnaður 1-3 eftir Guðmund Einarsson, Noget om köletegnet eftir Egill Svansson, Moodle. Tækjabúnaður.

Hermann Ingjaldsson: Bý það mestmegnis til sjálfur. Pdf skjöl.

Rósa Guðmundsdóttir: Rafrænt námsefni af veraldarvef, 70-410, 70-411 og 70-411 Server 2012 kennslubækur frá Microsoft. Rafrænt kennsluefni af kennsluvef Cisco.

Bragi Einarsson: Listasaga, frá hellalist til 1900

Ágúst Eiríksson: Málmiðnir, Plötusmíði 2 eftir Þorsteinn Guðlaugsson.

Jónas Eydal Ármannsson: Rennismíði 1 eftir Þorstein Guðlaugsson. Vélsmíði 2. eftir Þorstein Guðlaugsson. Nokkrar teiknireglur og verkefni í vélteikningu eftir Viðar Rósmundsson.

Garðar Þór Garðarsson: Rafbók.is

Björgvin Jónsson: Rafbók.is og rafrænt kennslufni af kennsluvef Cisco.

Námsmat

Katrín Sigurðardóttir: Símat, heimapróf, tímaverkefni, virkni.

Gunnar Valdimarsson: Símat (verkefnavinna, virkni og samvinna)

Hermann Ingjaldsson: Símat, hlutpróf, skilaverkefni og lokapróf.

Rósa Guðmundsdóttir: Símat, heimapróf, tímaverkefni, verkleg og bókleg tímaverkefni, verkleg lokaverkefni, (VVV = Virkni, vinnusemi og viðmót), gagnapróf.

Bragi, símat og lokaverkefni myndlist, kaflapróf og vorpróf Myndl.saga

Ágúst Eiríksson: Símat, (Vinnubækur tímapróf)

Ívar Valbergsson: Símat

Björn Sturlaugsson: Símat, verkefnavinna, stöðupróf/kannanir

Garðar Þór Garðarsson: Símat, verkefni nemenda, kaflapróf og lokapróf.

Björgvin Jónsson: Símat, verkefni nemenda, kaflapróf og lokapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Nafn kennara	Námskeið
Hermann Ingjaldsson	FTK Python, 15.16. og 17.maí.
Ívar Valbergsson	MSS, apríl 2017 Liðsheild Hafrún Kristjánsdóttir

Erindi

Margrét Jóhannsdóttir var með kynningu á Erasmusverkefni 16. janúar.

Fundir

Sviðsfundir voru með hefðbundnu sniði, kennarar hittast í upphafi annar og fara yfir það sem framundan er, auk fastra punkta eins og kennsluáætlanir og fl.

Rætt var um símanotkun nemenda og reglur varðandi það og hvernig best væri að framfylgja þeim.

Margrét Jóhannsdóttir mætti á sviðsfund og kynnti fyrir kennurum Erasmusverkefni sem hún er í forsvari fyrir.

Stoðið féll niður og almennt finnst kennurum það hafa lítil áhrif á kennsluna því kennarar geta skipulagt stoðtíma innan kennslustundarinnar ef á þarf að halda. Einhverjir hefðu viljað hafa stoð einu sinni í viku en almennt var það ekki viðhorfið.

Komið var inn á grunnþætti menntunar og mikilvægi þeirra og vera meðvituð um þá í skipulagi kennslu og kennsluáætla. Þar var meðal annars rætt um að hver og einn kennari reyni að efla gagnrýna hugsun nemenda sinna, sem styrkir ábyrgðartilfinningu, sköpun og læsi þar sem nemendur rýna til gagns.

Skólinn átti keppendur í Íslandsmóti iðngreina í tréiðn og rafmagni. Einnig áttum við nemendur í forritunarkeppninni í HR. Allir þessir nemendur voru skólanum til sóma.

Á sviðsfundum kom fram að í nám í verk-og iðngreinum í grunnskólum færi minnkandi samkvæmt úttekt menntamálaráðuneytisins. Kennarar voru sammála um að þetta væri ekki góð þróun.

Kennarar ræddu um foreldraráð skólans en illa hefur gengið á fá fólk til þess að taka það að sér. Foreldrum finnst það greinilega ekki mikilvægt en hafa ber í huga að það tekur tíma að skapa hefð fyrir þessu.

Útskriftarnemendur í myndlist voru með sýningu á verkum sínum í Duus-húsum en þar er samsýning á verkefnum nemenda frá skólum á svæðinu og kallast Listahátíð barnanna.

Jákvætt þótti hvað reykingar og drykkja hefur minnkað hjá ungu fólki samkvæmt könnun Rannsóknar og greiningu.

Heimsóknir

Málmiðaðardeild og Tréiðnaðardeild fengu heimsókn frá sjónvarpsþættinum Landanum en það var í tilefni þess að deildirnar unnu leikföng og gáfu til leikskólana á svæðinu.

Hópur nemenda í Holtaskóla tóku þátt í verkefni sem kallast GERT og er tilgangur verkefnisins að kynnast verknámi og raunvísindum. Þessir nemendur komu nokkra þriðjudaga í heimsókn til okkar á tæknisvið og fengu að tala við bæði kennara og nemendur.

Að lokum

Á tæknisviði gekk samstarfið vel.

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs, tók saman.



Verðlaunahafar á útskrift vorannar.

10.5 Starfsbraut

Kennarar og annað starfsfólk

Kennari	Áfangar - haust	Fjöldi tíma haust	Áfangar vor	Fjöldi tíma - vor
Lovísa H. Larsen	ÍSLE1HV05 ÍSLE1SA05 LÍFS1JR05 LSTR1SK03 (FÆRNI) STÆR1TG03 STÆR1RS05	23	ÍSLE1BR05 ÍSLE1HV05 LÍFS1HN08 STÆR1DL03 UMSJ1RS02 LSTR1SK03 (færni) STAR1XS05	19
Ásta Birna Ólafsdóttir	ENS1KV05 ENSK1MT05 HBFR1PH05 STAR1SH05 UMSJ1RS02	14	ENSK1MT05 ENSK1BÓ04 LAND1HÁ03 (1)(tungum) LAND1HÁ03 (2)(tungum)	15
Magnús Einþór Áskelsson	ENS1KV05 ENSK1MT05 HBFR1KF05 HBFR1GH05 STAR1ST06 STÆR1TG03 STAR1AÞ06 LSTR1SK03 (færni) UMSJ1RS02 LÝÐH1HR02	27	LKN2S24 ÍSLE1BR05 LÍFS1SB08 ÍSLE1MB05 (bókmenntir) UMSJ1RS02 LÝÐH1ST02 STAR1SH05 LSTR1SK03	24
Telma Rut Eiríksdóttir	LÍFS1HN08 LÍFS1HN08 ÍSLE1BR05 LÍFSNÁ01 STAR1SH05 UMSJ1RS02 LSTR1SK03 (færni) LÝÐH1HR02	24	*Fæðingarorlof	

Fanney Sumarliðadóttir	LÍFS1SB08 LÍFS1SB08 ISLE1TL05 HBFR1GH05 STAR1RS05 LSTR1SK03 (færni) LÝÐH1HR02 UMSJ1RS02	25	ENSK1MT05 HEFR1BA05 SMFÉ1EV03 UMSJ1RS02 STÆR1DL03 LÝÐH1ST02 STAR1SH05 LSTR1SK03	24
Birna Ármey Þorsteinsd.	ÍSLE1HV05 ISLE1SA05 LÍFS1LÆ05 LÍFS1JR05 STAR1STO6 LÝÐH1HR02 LSTR1SK03 UMSJ1RS02	24	ÍSLE1TL05 ÍSLE1HV05 LÍFS1JR05 SMFÉ1EV03 (2) SMFÉ1EV03 (3) UMSJ1RS02 STAR1SH05 LSTR1SK03 (færni)	24
Helga Jakobsdóttir	LÍFS1SB08 LÍFS1SB08 ISLE1BR05 HBFR1GH05 STAR1RS05 LÝÐH1HR02 LSTR1SK03 UMSJ1RS02	25	LKN2S24 ÍSLE1BR05 LÍFS1HN08 STÆR1DL03 UMSJ1RS02 LÝÐH1ST02 STAR1SH05 LSTR1SK03 (færni) SMFÉ1EV03	23

Stuðningsfulltrúar vor og haust

Berglind Ósk Sigurðardóttir
Drífa Guðmundsdóttir
Sigurbergur Elísson
Sigurbjörg Vignisdóttir

Kennsluhættir

Í vetur var nemendum skipt niður í fjóra megin-hópa eftir stofum. Hópur 221 var þrískiptur innan hópsins. Hópur 217 var nokkuð stór. Þar var einn nemandi í hjólástól og þurfti hópurninn talsverðan stuðning. Hópar 212 og 213 áttu það sameiginlegt að þar voru nemendur sem tóku þó nokkuð af utanbrautaráföngum. Þar voru einnig nemendur sem áttu í miklum erfiðleikum með ástundun í skólann.

Einn nýnemi úr hópi 213 þurfti einkakennslu á haustönn og var gamla kvikmyndastofan á fyrstu hæð nýtt í það. Því miður hætti nemandinn sökum vanlíðunnar og geðheilsubrests undir lok annarinnar.

Jóhannes Hilmar Gíslason nýnemi í hópi 221 stundaði nám á vorönn hjá okkur. Hann hætti í lok annarinnar sökum sjúkdóms sem farin var að gera honum erfitt um vik að vera í skólanum. Jóhannes Hilmar lést á heimili sínu 3. mars 2017. Starfsfólk kallaði til prest og haldin var lítil og falleg athöfn í stofu 221 og var öllum nemendum af brautinni frjálst að mæta og taka þannig þátt í athöfninni. Útbúinn var fallegur staður í gluggakirstu þar sem kveikt var á kerti og sett upp mynd af Jóhannesi. Kertið fékk að standa næstu vikurnar og sýndu nemendur og starfsfólk þannig Jóhannesi Hilmar virðingu sína.

Á vorönn var tekið í notkun nýtt kennslueldhús sem reynst hefur afar vel og reyndar einnig sem kennslustofa. Á vorönn var hópur 217 í kennslustofu-vandræðum og þurfti að kenna þeim í eldhúsinu og í fundarherberginu (fiskabúrinu) nokkrar kennslustundir. Það reyndist ekki vel sökum plássleysis og annarra óþæginda. Á næstu önn verður það tryggt að allir hópar fái kennslustofur við hæfi.

Kennslubækur og námsgögn

Á önninni var talsvert unnið með námsefni sem kennarar hafa látið sérútbúa og binda saman í bækur þar sem námsefni fyrir nemendur á starfsbraut er ekki auðfengið. Stuðningsfulltrúar hafa séð um að ljósrita og binda heftin saman þegar tími hefur gefist til þess. Gaman er að sega frá því að efni frá kennurum starfsbrautar við Fjölbrautaskóla Suðurnesja er orðið nokkuð eftirsóknarvert í öðrum framhaldsskólum.

Ásta Birna útbjó kennsuhefti í ensku báðar annirnar. Unnið var með hefti eftir hana í heilbrigðisfræði fyrir áramót. 1. og 2. árið vann með hefti eftir Ástu Birnu báðar annirnar í starfsnámi. Unnið var með hefti í nýjum áfanga sem kallast tungumál, sem Ásta Birna fékk í skiptum fyrir annað efni frá Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Unnið var með hefti frá Þórunni Svövu Róbertsdóttur í lífsleikni á haustönn og starfsnámi á 1. (ásamt Á.B) og 2. ári. Eins var unnið með námhefti frá Þórunni Svövu í íslensku á báðum önnunum.

Unnið var með hefti í lífsleikni sem Linda Björk Lýðsdóttir útbjó fyrir vorönnina.

Telma Rut tók saman efni fyrir heimilisfærnina á haustönn og eins tók hún saman hefti fyrir starfsnám á 3 ári (báðar annirnar) og íslensku.

Námsmat.

Á haustönn fóru nemendur á starfsbraut í eitt lokapróf í starfsnámi. Á móti fengu nemendur ýtarlega námsúmsögn frá öllum kennurum sínum þar sem frammistaða þeirra var metin og nemendum gefin endurgjöf.

Á vorönn var ákveðið að hafa tvö til þrjú lokapróf. Nemendur í hópi 221 og 217 sóttu lokapróf í tungumálum og íslensku. Nemendur í 212 og 212 sóttu lokapróf í ensku, íslensku og sögu. Á móti var sú breyting gerð að námsmat var ekki eins ýtarlegt og áður. Var það í höndum hvers umsjónarkennara að gefa sínum nemendum greinagóða úmsögn að höfðu samráði við þá kennara sem voru að kenna þeim á önninni. Eins voru nemendur fengnir til að skoða eigin frammistöðu og leggja á hana mat og kom það einnig fram í úmsögnum nemenda.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Nafn kennara	Námskeið
Ásta Birna Ólafsdóttir	11. ágúst. Punktaletur námskeið haldið af samskiptamiðstöð. 16. ágúst hófst námskeiðaröð í Hreinu mataræði. 15.-18. Ágúst. Autisme Europe, sótti þessa stærstu og þekktustu einhverfuráðstefnu í Evrópu sem haldin er á þriggja ára fresti að þessu sinni í Edenborg. 7. og 8. október. Fulltrúafing þroskahjálpar á Park inn hóteli Reykjanesbæ. 14.-15. október. landsþing Öryrkjabandalagsins. 17. nóvember. Málþing um notendasýrða persónulega aðstoð haldið á Grand hótél Reykjavík. Á vorönn stundaði Ásta Birna námskeiðið – kenningar í skóla án aðgreiningar, við Háskóla Íslands og lauk því í maí.
Helga Jakobsdóttir	11. ágúst. Námskeið í punktalettri, haldið í FS Brynja Brynleifs frá Sjónstöðinni. 13. október. Fyrirlestur á vegum Samkóp um kvíða barna og unglunga haldið í Digraneskirkju. 11. nóvember. Námskeið á vegum Alúðar um núvitund í skólafarfi haldið í Flensborg. 17. febrúar. Þrjú masters nemar komu og voru með leiðandi slökun og fræðslu fyrir nemendur og kennara í íþróttatíma. 23. febrúar. Geðfræðsla á vegum Hugrúnar, Geðhjálpar og Hjálparsíma Rauðakrossins haldið í FS.

	<p>28. febrúar. Dagur sjaldgæfra sjúkdóma á vegum Greiningarstöðvar ríkisins haldið á Nordica.</p> <p>11. mars. Kynning hjá þrjónafrömuðnum Stephen West haldið á Selfossi.</p> <p>febrúar –mars. Fimm skipti á námskeið í Bókasafni Reykjanesbæjar um Laxdælu þar sem Þorvaldur kennari fræddi og las í gegnum bókina.</p>
Drífa Guðmundsdóttir	11. ágúst. Námskeið í punktaetri, haldið í FS Brynja Brynleifs frá Sjónstöðinni.
Berglind Ósk	11. ágúst. Námskeið í punktaetri, haldið í FS Brynja Brynleifs frá Sjónstöðinni. Berglind stundaði nám hjá MSS þar sem hún lærði til félagsliða.
Magnús Einþór Áskellsson	11. ágúst. Námskeið í punktaetri, haldið í FS Brynja Brynleifs frá Sjónstöðinni.
Sigurbergur Elísson	11. ágúst. Námskeið í punktaetri, haldið í FS, Brynja Brynleifs frá Sjónstöðinni.
Birna Ármey Þorsteinsdóttir	11. ágúst. Námskeið í punktaetri, haldið í FS Brynja Brynleifs frá Sjónstöðinni. Á vorönn stundaði Birna tvo áfanga við fötlunarfræði í Háskóla Íslands.

Erindi

5. ágúst hélt Ásta Birna erindi fyrir kennara Fjölmennatar sem fjallaði um hagnýtar leiðir í kennslu einhverfra nemenda.

25. mars stýrði Ásta Birna málþingi Einhverfusamtakanna sem bar heitið Framtíðarheimili ekki þjónustuúrræði, og fjallaði um búsetumál ungs fólks á einhverfurófi.

19. maí hélt Ásta Birna erindi fyrir starfsfólk sumarþéttanna í Reykjadal sem fjallaði um foreldrasamstarf og hvaða þættir skipta máli í vinnu með ungu fötluðu fólki.

Nemar

Á haustönn 2017 voru 49 nemendur skráðir til náms en 46 stunduðu námið (þrír komu aldrei).

Á vorönn 2017 stunduðu 45 nemendur nám á starfsbraut Fjölbrotaskóla Suðurnesja

Í vetur var hjá okkur nemandi við menntavísindasvið Háskóla Íslands, Margit Lína Hafsteinsdóttir en hún lagði stund á þroskaþjálfarafræði. Hún var hjá okkur frá 24. janúar til 23. mars. Margit var fljót að aðlagast vinnustaðnum og stóð sig með mikillri þrýði. Leiðbeinandi Margitar var Ásta Birna.

Fundir

Á haustönn og vorönn voru fastir fundir á starfsbraut einu sinni til tvisvar sinnum í viku. Auk þeirra voru reglulega sviðs-kaffihúsa eða samráðsfundir sem skipulagðir voru af stjórnendum. Umræðuefni fundana var fjölbreytt og snéri að þeim viðfangsefnum sem lágu fyrir hverju sinni eins og málefni nemenda, áherslur í starfi og að miðlað upplýsingum. Nokkrir sviðsfundir voru haldnir eða um það bil einn í mánuði þar sem kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sátu. Nokkrir teymisfundir voru haldnir en þá sækja umsjónarkennarar, sviðstjóri og sá aðstoðarkennari sem er mest með viðkomandi nemanda. Foreldrafundir með nemendum sem eru yngri en 18 ára voru haldnir eftir þörfum, þ.e. í samráði við foreldra og fóru þeir fram í Fjölbrautaskólanum eða úti í bæ.

Fundir voru haldnir með utan að komandi sérfræðingum. Þar voru t.d. kynntar nýjar upplýsingar hjá þeim nemendum sem höfðu sótt nauðsynlega þjónustu er varðar þeirra fötlun. Haldnir voru margir fundir með foreldrum og kennurum nemenda sem eru væntanlegir í skólann á næsta skólaári.

11. nóvember var haldinn stjórnendafundur starfsbrauta. Ásta Birna sótti þann fund í Reykjavík í húsakynnum Kennarasambands Íslands. Þar var m.a. farið yfir þá samninga sem undirritaðir voru 31. október. Eins var mikið rætt um sérstöðu starfsbrautakennara í kennslumati og bréf kynnt sem sent var ráðuneyti um þau mál. Rætt var um fræðsludag starfsfólks starfsbrauta og komandi hæfileikakeppni sem haldin verður í Flensborg.

Fræðsludaginn Félags kennara á starfsbrautum var haldinn mánudaginn 22. maí í Fjölbrautaskólanum Breiðholti. Þar komu fram góðir fyrirlestrar m.a. um meðvirkni og annar um það hvernig við getum sem best mætt nemendum okkar. Almenn ánægja virtist ríkja um fundinn. Hann kom reyndar upp á sama dag og prófsýnidagurinn í en Fanney Sumarliðadóttir, þroskaþjálfari stóð vaktina í skólanum fyrir okkur hin. Fanney mun ekki starfa í framhaldsskóla á næsta ári og þess vegna bauðst hún til þess að taka vaktina fyrir okkur hin.

Heimsóknir

1. desember var farið í haustferð til Reykjavíkur. Byrjað var á því að heimsækja Reðursafn Íslands og voru nemendur sammála um að safnið væri áhugavert á sinn sérstaka hátt, þrátt fyrir að það væri vissulega óvenjulegt. Því næst var haldið í bækistöðvar Ríkisútvarpsins (RÚV). Þar fengu nemendur góðar móttökur og nýtt og spennandi sjónarhorn á þennan merkilega vinnustað. Nemendur enduðu vel heppnaða ferð á því að borða saman á Pítsa Hut og skoða sig um í Smáralindinni.

Fimmtudaginn 23. mars var hæfileikakeppni starfsbrautanna haldin í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Nemendur og kennarar fjölmenntu í rútu. Kristlaug Lilja Halldórsdóttir keppti fyrir hönd skólans með söngatriði. Hún stóð sig með miklum sóma þrátt fyrir að skólinn hafi ekki hafnað í verðlaunasæti að þessu sinni.

3. maí var farið í vorferð í Hveragerði með viðkomu í Strandakirkju. Nemendur fengu góðar móttökur á veitingahúsinu Rósakaffi, fengu kynningu á Kjörís verksmiðjunni og skoðuðu sig um í fallegu umhverfi Hveragerðis.

Innkaup og fjárveitingar

Engin stórinnskaup voru þetta skólaári. Þó voru ferst kaup á nýrri Gormavél (25.000), plöstunarevél (40.000) sem komið hafa sér afar vel. Auk þessa stóð skólinn straum af nýju eldhúsi og eldhúsahöldum sem brautin nýtur góðs af.

Að lokum

Þá er þessu skólaári lokið og leið það hratt að vanda. Undirrituð fann sig í nýju hlutverki og var það gefandi. Tilbreytingin af hinu góða og verður nýtt í reynslubankann. Sumt var framandi þó að margt hafi verið kunnulegt af góðu samstarfi við Þórunni Svövu. Það er þó með glöðu að ég rétti samstarfskonu minni keflið aftur á komandi skólaári og snúi mér að kennslunni að fullum krafti en úr henni var dregið þessar síðustu tvær annir. Starfið er umfangsmikið og þarfnast sífelldrar endurskoðunnar eins og reyndar öll störf við starfsbrautina. Við þurfum sífelldu að vera á tánum og endurskoða, meta og bæta það sem betur má fara. Þannig tel ég reyndar að það hafi alltaf verið frá því að ég hóf störf á vorönn 2007 enda margt breyst og við farið marga hringi. Um leið og við hættum því að endurskoða starfið er komin tími til að snúa sér að öðru. Umfang og utnumhald brautarinnar hefur aukist hratt undanfarin misseri og það þarf að skoða og finna leiðir til þess að umfangið geti skipts betur niður á það fagfólk sem brautin hefur á að skipa. Umfangið er að mörgu leyti ólíkt sambærilegum störfum á öðrum brautum að ég tel og í því ljósi mætti skoða að skipa okkur fagstjóra líkt og þekkist á öðrum brautum. Eins mætti kanna hvort starfshlutfall sviðsstjóra í stjórnun gæti verið hærra en raun er enda fullt starf að halda öllu gangandi og að bera þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Séu þessir þættir hundsáðir eru talsverðar líkur á kulnun starfsfólks í starfi.

Þegar litið er yfir önnina sem heild eru nokkrir þættir sem standa upp úr. Talsvert var um nýliðun starfsfólks hjá okkur á þessu skólaári. Einhver nýliðun er óhjákvæmileg oft á tíðum. Þegar hún er mikil fer talsverð orka í að viðhalda þeirri menningu og þeim brag sem brautin hefur komið sér upp.

Það sem mér þykir slæmt og ég vil gjarnan leggja vinnu í að bæta er brotthvarf nemenda. Ákveðinn nemendahópur (212-213) er ekki að finna sig í þeim þjónustuúrræðum sem starfsbrautin hefur upp á að bjóða og þrátt fyrir baráttu þá eru enn nemendur sem hætta námi sökum þess að þeim finnst niðurlægandi og ákveðin stimplun í því fólgin að vera á starfsbraut. Við þessu þarf að bregðast og við þurfum að hlusta á raddir nemenda. Við munum vinna áfram með það að styrkja þeirra sjálfsímynd. Stóra verkefnið er síðan að ávinna okkur traust þeirra á nýjan leik og fá þau til að vilja mæta í skólann.

Veturinn var að svo mörgu leyti óvenjulegur hjá mér bæði faglega og persónulega. Þegar þannig stendur á þá er gott að finna að maður geti alltaf leitað til tryggra stjórnenda og að staðið er við bakið á manni, slíkt er ómetanlegt.

Að lokum vil ég minnst þess að önnin var óvenjuleg fyrir þær sakir að í fyrsta skipti upplifðum við það að það að nemandi á okkar vegum féll frá. Jóhannes Hilmar Gíslason var 16 ára Grindvíkingur. Hann var mikill húmoristi og hafði ótrúlega þolinmæði fyrir okkur nýja starfsfólkinu sem hafði mikinn áhuga á að mæta hans þörfum. Ég vildi svo gjarnan að við hefðum fengið tækifæri til að kynnst honum betur.

Takk fyrir frábært samstarf í vetur og góðar móttökur í nýju starfi kæra samstarfsfólk.

Ásta Birna Ólafsdóttir, sviðsstjóri starfsbrautar, tók saman.



Frá dimissio vorannar.

11. Skýrsla bókasafns

Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari/ljósritunarvél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna, Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Marianna Einarsdóttir bókavörður.

Skólaárið 2016-2017

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls var safnið því opið 41 tíma í viku. Aðsókn að safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánnum hefur fækkað undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru nokkuð mörg. Það er m.a. vegna breyttra kennsluaðferða en nemendur nota heimildir minna en áður en vinna meira sjálfir og nota þá aðstöðu, búnað og safngögn á staðnum. Forstöðumaður tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2016- 2017	Safnkostur	Aðföng 2016-2017	
Bækur	72	16.691	Keypt	66
Myndefni	2	1.078	Aðsent	4
Hljóðefni	0	247	Gjafir	4
Hljóðbækur	0	69		
Margmiðlunardiskar	0	33	Kennslubækur	8
Annað	0	11		
Afskrifað: 13				
Samtals	74	18.129		

Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	6	500 Raunvísindi	4
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	3	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	9
200 Trúarbrögð	0	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	5
300 Samfélagsfræðigreinar	12	800 Bókmenntir	29
400 Tungumál	1	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	5

Tímaritaáskriftir: 30

Auk þess berast safninu nokkur ókeypis tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

Útlán

Heimlán: 697

Millisafnlán: 10

Lán innan safns/skóla: 1.723 (haustönn 683, vorönn 1.040)

Guðmann Kristþórsson, forstöðumaður bókasafns, tók saman.



Frá háskólakynningu á sal.

12. Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur

Á skólaárinu voru þrjú námsráðgjafar starfandi við skólann. Guðrún Jóna Magnúsdóttir var í 100% stöðu, Sesselja Bogadóttir í 83,75% og Sunna Gunnarsdóttir var í 70% stöðu. Nemendafjöldi á haustönn 2016 var u.þ.b. 950.

Á vorönn 2017 voru nemendur u.þ.b. 900.

Grunnskólanemar voru rúmlega 100 báðar annir.

Verkaskipting námsráðgjafa

Guðrún Jóna hefur haldið utan um greiningar og sá um að uppfæra aðstoðarlistann og koma upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með greiningar í upphafi beggja anna.

Guðrún Jóna sá einnig um áhugasviðskannanir. Guðrún Jóna var með ferilskrá og starfsumsóknir hjá útskriftarnemendum báðar annir. Guðrún Jóna var tengiliður Netsins sem er samstarfsverkefni Fjölbrotaskóla Suðurnesja og Grindavíkurbæjar á skólaárinu og hún á sæti í áfallateymi skólans.

Sunna hafði umsjón með fornámshópum á báðum önnum og tók viðtöl við tilvonandi fornámsnemendur og foreldra þeirra í lok vorannar. Sunna var með námstækni fyrir íþróttafreksbraut á haustönn. Hún hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf á báðum önnum. Sunna hefur haldið utan um málefni blinds nemanda í skólanum.

Sesselja hélt utan um skipulagningu Nýnemadagsins sem haldinn var í upphafi haustannar 2016. Sesselja sá um námstækninámskeið í upphafi haustannar. Sesselja sá einnig um áhugasviðskannanir. Sesselja hélt utan um skiptinemann sem hóf nám við skólann á haustönn 2016. Sesselja fór til Miðstöðvar Símenntunar á Suðurnesjum á haustönn og hélt þar fyrirlestur um það nám sem er í boði í skólanum. Sesselja var tengiliður Flugsins sem er samstarfsverkefni skólans og Sandgerðisbæjar á skólaárinu.

Námsráðgjafar sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum. Allir námsráðgjafar sáu um móttöku grunnskólanema í 9. bekk sem komu í heimsókn til okkar á vorönn. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika. Allir námsráðgjafar tóku viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi. Auk þess hafa þeir haft samband við nemendur í lok anna sem ekki hefur gengið nógu vel í náminu.

Allir námsráðgjafar hafa unnið í verkefninu „Brottfall í framhaldsskólum“ sem Kristjana Stella Blöndal sér um og er á vegum menntamálaráðuneytisins.

Allir námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkvíða.

Fleiri verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og aðhaldi hjá námsráðgjöfum.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Fjöldi nemenda skipti úr gamla kerfinu í nýja kerfið á skólaárinu og fór mikil vinna í að færa nemendur á milli kerfa. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsgöðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir.

Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina **Í leit að starfi** en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, Í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar. Þeir hafa einnig sent póst á alla kennara dyslexíu- nemenda og annarra nemenda sem hafa greiningar sem gott er að kennarar viti um. Þetta er gert í upphafi hverrar annar.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Það voru um 170 greiningar um lesblindu hjá nemendum FS á haustönn en 130 greingar á vorönn 2017. Auk þessara greininga hefur námsráðgjafi upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Um það bil fimm nemendur voru með greiningu um stærðfræðiblindu báðar annir.

Á þessu skólaári voru um 61 greiningar um nemendur með ADHD eða ADD. Haldið hefur verið sérstaklega utan um þessa nemendur og þeir boðaðir í viðtöl hjá námsráðgjafa í upphafi annar. Þar er þeim boðinn stuðningur í námi sem felur m.a. í sér aðstoð við að skipuleggja námið og aðhald.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópum. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum önnum varðandi próftöku, prófkvíða og sjálfsstyrkingu.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum. Nemendum gefst einnig kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það.

Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu) og situr námsráðgjafi stundum þar yfir prófum. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil. Á haustönn 2016 voru 55 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2017 voru 58 nemendur sem sóttu sérúrræði í prófum.

Nú í ár varð breyting á sálfræðiþjónustu við skólann þar sem tveir sálfræðingar höfðu fasta viðveru í skólanum mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga. Nemendur gátu nýtt sér opna tíma fyrir stutt viðtöl í 10 mínútur eða sótt um að sækja þjónustuna annaðhvort hjá námsráðgjöfum eða hjá sálfræðingunum sjálfum. Þessi þjónusta var vel nýtt allan veturinn.

Fornám

Á vorönn fór Sunna á fund með fulltrúum allra grunnskóla á svæðinu vegna fornámsins. Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Sunnu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámsdeild kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Haustið 2016 byrjuðu 36 nemendur í fornámi.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan skólans er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

Í mars var haldin kynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum.

Námskeið og fagfundir

Sesselja fór á ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Textinn, kvíðavaldur lesblindra barna“. Sesselja fór á fund með sérkennurum grunnskólanna um málefni nýbúa. Guðrún Jóna og Sunna fóru á sameiginlegan fund allra námsráðgjafa í framhaldsskólum í Fjölbrautaskólann við Ármúla. Sunna fór á námskeið sem bar yfirskriftina „7 venjur til árangurs-tímalaus gildi, tímanleg lausn fyrir náms- og starfsráðgjafa“.

Fundir innan skóla

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans.

Skólaheimsóknir

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa á vorönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði, námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað.

Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn.

Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum bóknámsstofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Á vorönn var háskólakynning á sal þar sem nemendur háskólanna kynntu skólana sína og tókst hún vel. Á báðum önnum var útskriftarhópunum boðið í heimsókn í HR. 30 nemendur úr skólanum tóku þátt í Háskólahermi í Háskóla Íslands þar sem nemendur kynntust mismundandi námsbrautum í Háskóla Íslands.

Námsráðgjafar tóku að sér sérverkefni um að undirbúa námskynningu á Íslandsmóti iðn- og verkgreina í Laugardalshöll á vorönn. Þeir sáu svo um námskynninguna þá daga sem Íslandsmótið stóð yfir. Einnig voru þeir á námskynningu grunnskólanna í Íþróttahúsinu við Sunnubraut á vorönninni.

Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann.

Auk þess hafa þeir aðstoðað skólaráð við að ræða við kennara um einstaka nemendur og svo við þá nemendur sem hafa skrifað bréf til skólaráðs.

Aðrir samstarfsaðilar

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Blindrabókasafnið

BUGL- Barna- og unglingsáæðeildin

Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Greiningastöð Ríkisins

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum

Skólar á háskólastigi

Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum

Vinnumálastofnun Suðurnesja

Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

Námsráðgjafar úr FSu og FVA

Formaður framhaldsskólakennara Guðríður Arnardóttir

13. Skýrsla hjúkrunarfræðings

Undanfarin tíu ár hafa nemendur Fjölbautaskóla Suðurnesja haft aðgang að skólahjúkrunarfræðingi í skólanum. Viðtalstímar hafa verið í boði fjóra daga vikunnar og klukkustund í senn. Þeir voru auglýstir á skjávarpa, á töflu, heimasíðu og í umsjónatímum nemenda en ekki var gengið í stofur. Reynslan hefur sýnt að nemendur vita af þessari þjónustu og ákveðinn hópur nemenda nýtir sér hana.

Í upphafi skólaárs var haft samband við nemendur sem lifa með þekkta ógnandi sjúkdóma og farið yfir stöðuna svo skólinn gæti eftt og komið sem best á móts við öryggisþarfir þeirra.

Eftir að sálfræðingar hófu störf við skólann hafa nemendur getað sótt til þeirra á skólatíma hvort heldur í ráðgerð viðtöl eða opna tíma.

Haustbólusetning var í boði fyrir starfsmenn og þáðu margir starfsmenn að láta bólusetja sig fyrir influensu. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sá um framkvæmdina.

Þegar komur til hjúkrunarfræðings eru taldar yfir skólaárið voru komur á haustönn 96 talsins og skiptast svona; komur drengja 50x, stúlkna 25x, starfsmenn 13x og annað 8x, það sem flokkast undir annað á við þegar óvænt atvik komu uppá eins og yfirlið eða skyndileg veikindi og hjúkrunarfræðingur kallaður til á öðrum tímum en auglýstum viðverutímum. Samtals 96x. Mjög sambærilegt við fyrra ár.

Á vorönn 2017 skiptust komur til hjúkrunarfræðings svo; drengir 22x, stúlkur 44x, starfsmenn 17x en undir annað 5x. Samtals 87. Fyrir skólaárið í heild voru samtals 183 komur. Athyglisvert að þetta er sami heildarfjöldi og kom síðastliðinn vetur þó dreifing sé önnur t.d. komur drengja voru mun fleiri á haustönn en stúlkur komu oftar á vorönn. Ástæður heimsókna í viðtalstímum eru breytilegar allt frá smásárum, tognun, meiðslum, útbrotum, þungunaráhyggjum, vanliðan, sjálfskaðandi hegðunar, áhyggjum af sjálfum sér eða fjölskyldumeðlimum eða að fá teknar heilsufarsmælingar.

Sólveig Björk Gränz, skólahjúkrunarfræðingur, tók saman.

14. Skýrsla sálfræðinga

Inngangsorð

Hér gefur að líta samantekt á lykiltölum sálfræðiþjónustu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir skólaárið 2016-2017. Samantekt þessari er ætlað að veita innsýn í starfsemi þjónustunnar á þessu fyrsta skólaári þar sem unnið er samkvæmt þjónustusamningi um aðkeypta sálfræðiþjónustu frá fræðsluviði Reykjanesbæjar.

Sálfræðiþjónustunni var almennt vel tekið af nemendum og starfsfólki skólans. Nemendur voru duglegir að leita eftir þjónustu sálfræðinga og var mikill meirihluti nemenda sem óskaði eftir þjónustunni að eigin frumkvæði. Lykiltölur fyrir skólaárið 2016-2017 gefa til kynna að rík þörf er fyrir sálfræðiþjónustu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Á skólaárinu buðu sálfræðingar um 60 nemendum fasta viðtalstíma, auk þess sem öllum nemendum stóð til boða að koma í opna viðtalstíma. Þjónustuþörf nemenda var ólík. Fyrir meirihluta nemenda var þjónustuþörf mætt að fullu með sálfræðiþjónustunni, ýmist með föstum viðtalstímum eða stuttum viðtölum í opnum viðtalstíma sem nemendur voru duglegir að nýta. Aðrir höfðu þörf fyrir frekari þjónustu samhliða eða í framhaldi af sálfræðiþjónustunni og fengu þeir aðstoð við að finna viðeigandi úrræði.

Þegar litið er til aldursdreifingar nemenda sem óskuðu eftir föstum viðtölum má sjá að tæplega 45% þeirra eru yngri en 18 ára. Þetta er eftirtektarvert í ljósi þeirra markmiða sem sett hafa verið varðandi sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum, þ.e. gera sálfræðiþjónustu aðgengilegri fyrir þennan aldurshóp. Reynsla sálfræðinga á liðnu skólaári undirstrikar mikilvægi þess markmiðs.

Samantekið er það mat undirritaðra að vel hafi tekist til fyrsta ár sálfræðiþjónustu Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Gleðilegt er hversu margir nemendur gátu nýtt sér þjónustuna á liðnu skólaári og horfa undirrituð björtum augum á komandi skólaár.

Reykjanesbær, 1. ágúst 2017
Fyrir hönd skólaþjónustu fræðsluviðs,

Einar Trausti Einarsson
Yfirsálfræðingur

Kristín Guðrún Reynisdóttir
Sálfræðingur

Skipulag þjónustu

Sálfræðingar á vegum fræðsluviðs Reykjanesbæjar veita nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu. Þá getur starfsfólk skólans og foreldrar nemenda einnig óskað eftir ráðgjöf. Þjónustan við nemendur felst í einstaklingsviðtölum, þar sem áhersla er lögð á ráðgjöf, fræðslu, stuðning og til að meta hvort þörf sé á frekari þjónustu (sbr. aðkomu annarra heilbrigðisstarfsmanna). Tilgangur þjónustunnar er að stuðla að almennri velferð nemenda og veita þeim stuðning við að fá viðeigandi aðstoð sé þess þörf.

Sálfræðingar frá fræðsluviði Reykjanesbæjar voru með fasta viðveru í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum á önninni.

Nemendum skólans stendur til boða að panta viðtalstíma hjá sálfræðingi eða mæta í opinn tíma. Opnir tímar eru stutt ráðgjafarviðtöl þar sem miðað er við að viðtalið taki um 10-15 mínútur og þarf ekki að bóka tíma fyrir fram. Bókaðir viðtalstímar eru yfirleitt 45 mínútur, þar sem nemandi og sálfræðingur setja sameiginleg markmið til að vinna að. Til að óska eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi skila nemendur inn sérstöku upplýsingablaði, fá staðfestingu á móttöku þess og fá úthlutaðan viðtalstíma.

Lykiltölur

Á skólaárinu 2016-2017 óskuðu alls 58 nemendur eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi. Stúlkur voru í meirihluta, en 67% viðtalsbeiðna komu frá stúlkum. Þá bárust flestar beiðnir um viðtöl frá nemendum sem fæddir eru árin 1999 og 2000.

Óskir eftir viðtölum hjá sálfræðingi dreifðust nokkuð jafnt á milli mánaða. Flestar viðtalsbeiðnir bárust í október og mars. Fljótlega fylltist í viðtalstíma sálfræðinga á haustönninni og skapaðist því fljótt biðtími. Á skólaárinu gátu sálfræðingar boðið 52 nemendum fasta viðtalstíma, sem jafngildir 90% af viðtalsbeiðnum. Öllum nemendum sem áttu viðtalsbeiðni á bið var boðinn a.m.k. einn viðtalstími fyrir lok vorannar, þar sem staðan var metin og ráðgjöf veitt. Fjöldi viðtala var misjafn hjá þeim nemendum sem nýttu fasta viðtalstíma, en flestir nemendurnir nýttu tvö til sex viðtöl.

Á upplýsingablaði sem nemendur fylltu út voru þeir beðnir um að gera grein fyrir ástæðu þess að þeir óskuðu eftir sálfræðiþjónustu. Mikill meirihluti nemenda greindu frá depurð/vanlíðan sem helstu ástæðu komu eða alls 45%. Um 38% nemenda greindu frá hamlandi kvíða sem helstu ástæðu komu. Einnig greindu nemendur frá vanda sem tengdist einmanaleika/söknuði, erfiðleikum í námi, endurtekinni frestun og lágu sjálfsmati. Þjónustuþörf þeirra nemenda sem óskuðu eftir viðtölum á skólaárinu var misjöfn þegar litið er til stöðu þeirra, hamlandi áhrifa vandans á daglegt líf og hversu lengi vandinn hefur staðið yfir. Fyrir meirihluta nemenda var þjónustuþörf mætt að fullu með sálfræðiþjónustu Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Aðrir höfðu þörf fyrir frekari þjónustu samhliða eða í framhaldi af sálfræðiþjónustunni.

Þar má nefna þörf fyrir aðkomu lækna, sálfræðimeðferð eða þjónustu heilbrigðisstofnana (sbr. BUGL, LSH og HSS). Á skólaárinu aðstoðuðu sálfræðingar alls átján nemendur við að fá frekari þjónustu.

Á upplýsingablaði sem nemendur skiluðu inn voru þeir einnig beðnir um að gera grein fyrir því hver óskaði eftir þjónustu fyrir nemandann, þar sem hægt var að velja eitt eða fleiri af eftirfarandi; nemandinn sjálfur, foreldri/forráðamaður eða starfsmaður skólans. Þegar ofangreindar upplýsingar voru teknar saman kom fram að um 83% nemenda greindu frá því að þeir sjálfir óskuðu eftir þjónustunni. Í 14% tilvika var merkt við að foreldri/forráðamaður óskaði eftir þjónustu fyrir nemandann. Hér er þó mikilvægt að hafa í huga að starfsmenn skólans, einkum náms- og starfsráðgjafar aðstoðuðu nemendur oft við að óska eftir viðtölum hjá sálfræðiþjónustu skólans.



Frá gróðursetningu haustannar.

16. Skýrsla forvarnafulltrúa

Eftirtaldir flokkar flokkast undir starf forvarnafulltrúa:

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Tóbaksnotkun

Samtakahópurinn

Viðtalstími

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Á skólaárinu 2016-2017 voru haldin fjögur skólaböll. Tvö voru fyrir áramót og tvö eftir áramót. Sú hefð hefur skapast að nemendur geta blásið í áfengismæli við komuna á böll og þannig komist í edrúpott. Við lok skólaárs er síðan tveir nemendur dregir úr nöfnum þeirra sem hafa blásið á þremur og fjórum böllum. Dregin er út ein stúlka og einn drengur og hafa þeir fengið viðurkenningu við útskrift að vori. Hingað til hafa skólinn og Reykjanesbær gefið iPad.

Forvarnafulltrúi vinnur náið með félagslífsfulltrúa á böllum og njóta þeir aðstoðar lögreglu. Á öllum böllum eru líka nokkrir kennarar og síðan útskriftarnemar eða nemar sem eiga lítið eftir í sínu námi. Samvinna þessara aðila er mjög góð og hafa þeir það allir að markmiði að sjá til þess að allt fari vel fram. Forvarnafulltrúi sér síðan um að hringja heim ef sækja þarf nemendur undir 18 ára aldri. Þeir nemendur sem sóttir eru vegna ölvunar fá ekki að koma á næsta ball á eftir auk þess sem þeir sem eru yngri en 18 ára eru kallaðir í viðtal ásamt foreldri/forráðamanni. Ef nemendur hafa náð 18 ára aldri þá er það hlutverk forvarnafulltrúa og annarra starfsmanna að sjá til þess að þeir komist heim.

Tóbaksnotkun

Forvarnafulltrúi ræðir við þá nemendur sem gerast brotlegir vegna tóbaksnotkunar/rafsígarettunotkunar. Undanfarin ár hefur verið samstarf milli forvarnafulltrúa, húsvarða og skólahjúkrunarfræðings. Nú er svo komið að rafsígarettunotkun hefur aukist mikið en venjulegar reykingar og munntóbak hefur minnkað. Þeir sem höfð eru afskipti af í fleiri en eitt skipti fá á sig skráningu í athugasemdakerfi Innu auk þess sem forráðamenn eru látnir vita. Rafsígarettureykingar eru vaxandi vandamál og í vetur kom það ítrekað fyrir að reykur frá rafsígarettum setti brunaviðvörðunarkerfi skólans í gang.

Samtakahópurinn

Forvarnafulltrúi á sæti í Samtakahópnum sem hittist hálfsmánaðarlega. Fundirnir voru haldnir utan Fjölbrotaskólans á ýmsum tímum en yfirleitt þó þannig að það var erfitt fyrir forvarnafulltrúa að mæta vegna kennslu.

Mánudaginn 13. mars 2016 var haldið málþing um rafrettur í skólanum á vegum samtakahópsins. Fyrirsögn málfundarins var Rafrettur. Böl eða blessun? Fyrirlesarar voru þau Guðmundur Karl Snæbjörnsson og Lára G. Sigurðardóttir. Undirrituð var fundarstjóri og var mætingin frekar dræm en fundinum var streymt beint á netinu og voru fjölmargir sem nýttu sér það.

Viðtalstími

Forvarnafulltrúi FS er til taks alltaf þegar þörf er á.

Anna Karlsdóttir Taylor, forvarnafulltrúi, tók saman.



Frá útskrift haustannar.

17. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Skólaárið 2016-2017 var prófað nýtt fyrirkomulag varðandi fundartíma með stjórn NFS og formönnum nefnda. Undanfarin ár hefur oft reynst erfitt að finna tíma þar sem hægt er að funda með öllum. Nú var fundartími settur inn í stundaskrá hjá nemendum kl. 15:25-16:25 á miðvikudögum. Stjórnarfélagi fannst flestum gott að hafa fundartímamann í stundatöfl, en með því skapaðist ákveðin festa.

Undanfarin ár hefur helsta hlutverk félagslífsfulltrúa snúist um að vera stjórnarmeðlimum innan handar í ýmsum ákvörðunartökum, leiðbeina þeim í stjórnarstörfunum, vera til staðar ef þau þyrftu á aðstoð að halda o.s.frv. Þau hafa sjálf stjórnað fundunum undangengin ár en það breyttist í ár. Fundartímarnir urðu nánast eins og kennslustund þar sem kennari las upp og stjórnaði tímanum.

Félagsslífið á skólaárinu var með dapprara móti þetta árið, hverju sem um er að kenna. Umhverfið að breytast, nýnemahópur óvirkari en áður var m.a. nefnt sem ástæða. Þrátt fyrir óvenju dapurt ár þá var ýmislegt gott sem boðið var upp á í félagslífinu.

Dansleikir eru þeir viðburðir sem standa venjulega hæst á hverju skólaári. Það voru fjórir dansleikir á skólaárinu haldnir í Stapanum, gengu þeir að mestu mjög vel og voru nokkuð vel sóttir. Á haustönn var hið hefðbundna Nýnemaball ásamt Raveballi. Á vorönn var haldið Throw-back ball og Árhátíðarball í tengslum við árhátíðarviku sem lukkaðist vel. Á böllumum gafst nemendum kostur á að blása í áfengismæli og skrá sig í „edrúpott“ ef ekkert áfengi mældist. Á skólaslitum voru síðan tveir nemendur dregnir úr pottinum eins og undanfarin ár og hlutu nemendurnir iPad í verðlaun. Gott samstarf var nú sem áður við lögreglu varðandi dansleikjahald sem er okkur ómetanlegt. Mikill fjöldi starfsmanna var á hverjum dansleik; 1-2 lögreglumenn, 5-6 starfsmenn frá skólanum, 10-12 úr útskriftaraðli, auk átta dyravarða. Mjög gott samstarf var á milli forvarnarfulltrúa og félagslífsfulltrúa varðandi dansleikjahald á skólaárinu.

Hljóðneminn, sem verið hefur einn af stærstu viðburðum skólaársins, féll niður þetta árið vegna ónógrar þátttöku. Það var virkilega súrt að þessi keppni, sem mikið hefur verið lagt í, hafi fallið niður. Söngkeppni framhaldsskólanna fór ekki heldur fram í ár.

Það var öflugt og mikið starf hjá leikfélaginu Vox Arena á skólaárinu. Í fyrra settu þau upp verk í samstarfi við LK en stóðu á eigin fótum þetta árið. Sett var upp sýningin Hairspray sem sýnd var í frumleikhúsinu í leikstjórn Elvu Ósk Ólafsdóttur. Það er ómetanlegt fyrir skólann að geta boðið upp á slíkar sýningar. Þeir nemendur sem hafa komið að þessum sýningum hafa lagt á sig ómælda vinnu sem er mjög þroskandi og lærdómsrík.

Morfís lið skólans keppti eina viðureign í ár. Liðið sat hjá í fyrstu tveimur umferðunum og kom því til leiks í 8-liða úrslitum. Þar keppti liðið við Flensborgarskóla á heimavelli, umræðuefnið var „Boðskapur Walt Disney“ og mælti FS með tillögunni. FS-liðið beið lægri hlut en Flensborg stóð síðan uppi sem sigurvegari í keppninni eftir sigur á Versló í úrslitum.

Það gekk mjög illa að manna lið fyrir Gettu Betur spurningakeppnina þetta árið. Það var ekki fyrr en degi fyrir fyrstu umferð að lið myndaðist. Fór liðið því í útvarpssal að loknum einum æfingadegi undir stjórn Andra Þórs Ólafssonar, þjálfara liðsins og fyrrum nemenda skólans. Liðið gerði sér samt sem áður lítið fyrir og sigraði Fjölbrautaskóla Snæfellinga nokkuð sannfærandi. Í næstu umferð laut liðið í lægra haldi gegn Menntaskólanum á Egilsstöðum og lauk þar með keppni.

Skólabátturinn Hnísan og skólablaðið Vizkustykki komu ekkert út þetta árið, sem er miður. Það var farið af stað í vinnslu á þætti og blaði en náðist því miður ekki að fylgja því úr hlaði.

Stoðtímarnir dattu út í ár sem gerði nemendafélaginu erfiðara um vik varðandi viðburði á sal sem og íþróttamót. Þetta mætti gjarnan endurskoða, t.d. með því að hafa eitt „stórt gat“ einu sinni í viku í stundatöflu.

Það gekk á ýmsu þetta skólaárið eins og oft áður en því miður var niðursveiflan í félagslífinu mikil. Það var t.d. mjög dapurt hvað mikið af föstum þáttum datt út; ekkert Vizustykki, engin Hnísan, enginn Hljóðnemi, engin íþróttamót. Böllin, árshátíðarvikan ásamt leikritinu er það sem stendur upp úr. Tilraunin með að hafa fundartíma á skólatíma lukkaðist að mörgu leyti vel en spurning hvort þurfi að fara skrefinu lengra, eins og gert er t.d. í Flensborg? Þar eru þrír „fundartímar“ á viku í stundatöflu og eru tímarnir notaðir til skipulagningar og vinnu. Í vetur náðum við í þessum eina fundartíma að leggja línur en vantaði að fylgja því eftir með „vinnutímum“. Það var oftast mikill hugur í stjórnarfólkinu en svo hafði gjarnan lítið gerst á milli funda. Vonandi eru bjartari tímar framundan í félagslífi skólans en félagslíf er stór og mikilvægur þáttur til að skapa minningar frá framhaldsskólaárunum. Skólinn þarf svo sannarlega að vera vel á verði til að þróunin haldi ekki áfram á sömu braut.

Gunnar Magnús Jónsson, félagslífsfulltrúi, tók saman.